



Aðgengileg ferðapjónusta

Könnun á aðgengi og aðstöðu fyrir fatlað fólk á ferðamannastöðum

Svala Stefánsdóttir



Líf- og umhverfisvísindadeild
Háskóli Íslands
2012

Aðgengileg ferðapjónusta

Könnun á aðgengi og aðstöðu fyrir fatlað fólk á ferðamannastöðum

Svala Stefánsdóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Rannveig Ólafsdóttir

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, janúar 2012

Aðgengileg ferðaþjónusta: Könnun á aðgengi og aðstöðu fyrir fatlað fólk á ferðamannastöðum

10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2012 Svala Stefánsdóttir
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Askja, Sturlugötu 2
101 Reykjavík
Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:

Svala Stefánsdóttir, 2012, Aðgengileg ferðaþjónusta: Könnun á aðgengi og aðstöðu fyrir fatlað fólk á ferðamannastöðum, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 41 bls.

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, janúar 2012

Yfirlýsing

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi er byggð á mínum eigin athugunum, er samin af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verid lögð fram áður til hærri prófgráðu

Svala Stefánsdóttir

Ágrip

Helstu markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á hversu aðgengileg ferðaþjónusta er fyrir fatlað fólk á Íslandi og var ákveðið að taka fyrir vinsæla ferðamannastaði innan Gullna hringsins. Skoðað var bæði aðgengi og aðstaða þessara staða ásamt því að athugað var hvaða uppbygging hefur orðið á þessum stöðum sem snertir aðgengi fyrir fatlað fólk. Framtíðarhorfur aðgengis innan staðanna og á Íslandi í heildina verða einnig skoðaðar. Við gagnaöflun var notast vettvangsrannsókn þar sem staðir voru metnir út frá gátlista en einnig var tölvupóstur sendur á tvo aðila með spurningum um viðfangsefnið, ásamt því var stuðst við fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið á efninu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að aðgengi innan Gullna hringsins er ágætt en alls ekki fullnægjandi. Samkvæmt niðurstöðum er ástand staðanna hvergi eins gott og mætti ætla. Víða er aðgengið gott en þó er sums staðar áberandi hversu lélegir göngustígar, gangstéttir og rampar eru en ýmist eru þeir ójafnir með mishellum eða án handriða. Bílastæði voru oft léleg og sums staðar vantaði merkt bílastæði fyrir fatlaða. Háir kantar, þrep og langir stígar voru áberandi, vöntun var víða á hvíldarbekkjum, handriðum og upplýsingaskiltum sem sneru að flokkun fötlunar þ.e. sem gáfu til kynna hvernig aðgengi væri á stöðunum og hversu aðgengilegir þeir væru þeim. Framtíðarsýn í sambandi við uppbyggingu staðanna þegar kemur að aðgengi fyrir fatlaða er óljós en þó eru menn bjartsýnir á að aðgengi muni lagast til muna.

Lykilorð: Aðgengileg ferðaþjónusta, Fötlun, Gullni hringurinn, Aðgengi

Abstract

The main purpose of this research is to find out how accessible or non-accessible travel service is in Iceland for the handicapped, and it was decided to take a special look at the most popular tourist places within the Golden circle. The accessibility and conditions of these places were looked at and also what improvements had been made during the last years to make them more accessible. Future prospects for these places and for Iceland in general were also looked at. With collection of data were used field studies where trips were made to places that were evaluated with a special list and e-mail was used and sent to two individuals with questions about the research topic and in addition it was relied on other researches that were available. The conclusion of the research showed that access to places within the Golden circle are not satisfactory. According to the results, the condition of the places is quite good but in some areas it is nowhere as good as it should be, and it was striking how poor the walking paths, sidewalks and ramps are in, they are either uneven, unevenly paved and without handrails. Parking places were okay but often they were in poor condition and some places lacked parking signs for the handicapped. The future prospects for the improvement of better accessibility for the disabled are not clear, but it is hoped that it will greatly improve.

Keywords: Accessible tourism, Handicapped, Golden circle, Access

Efnisyfirlit

Yfirlýsing.....	iii
Ágrip.....	iv
Abstract.....	v
Efnisyfirlit.....	vi
Töfluskra.....	vii
Þakkarorð.....	viii
1. Inngangur.....	1
2. Fræðileg nálgun.....	3
2.1 Aðgengileg ferðaþjónusta.....	3
2.2 Fatlaðir ferðamenn, hindranir og ferðalög.....	5
2.3 Aðgengileg ferðaþjónusta fyrir alla?.....	7
2.4 Gott aðgengi og skipulag.....	9
3. Ramsóknarsvæði.....	12
3.1 Gullni hringurinn.....	12
3.2 Vinsælustu viðkomustaðir ferðamanna á Gullna hringnum.....	12
3.2.1 Þingvellir.....	12
3.2.2 Geysir.....	13
3.2.3 Gullfoss.....	13
3.2.4 Skálholt.....	14
3.2.5 Kerið.....	14
4. Gögn og aðferðir.....	15
4.1 Aðferðarfræði.....	15
4.2 Framkvæmd og gagnaöflun.....	15
4.3 Úrvinnsla gagna.....	16
5. Niðurstöður.....	17
5.1 Aðgengi og aðstæður fyrir fatlað fólk.....	17
5.1.1 Þingvellir.....	17
5.1.2 Geysir.....	19
5.1.3 Gullfoss.....	21
5.1.4 Skálholt.....	22
5.1.5 Kerið.....	24
5.1.6 Aðgengi og aðstæður fyrir fatlaða ferðamenn á Gullna hringnum.....	25
5.2. Viðhorf til aðgengis og aðstöðu fyrir fatlað fólk á ferðamannastöðum.....	27
6. Umræður og ályktanir.....	31
Heimildaskrá.....	34
Viðauki 1 - Gátlisti.....	37
Viðauki 2 - Viðtalsrammar.....	39

Töfluskrá

Tafla 1: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða á Þingvöllum	19
Tafla 2: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða á Geysi	20
Tafla 3: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða á Gullfossi	22
Tafla 4: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða í Skálholti	24
Tafla 5: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða hjá Kerinu.....	25
Tafla 6: Mat á aðgengi og aðstöðu fyrir fatlaða á vinsælustu ferðamannastöðum á Gullna hringnum.....	26

Þakkarorð

Ég vil fyrst og fremst fá að þakka þessa mínum fyrir að hafa sýnt mikinn áhuga á þessu verkefni og fyrir alla þá aðstoð sem hann veitti mér. Einnig vil ég þakka leiðbeinanda mínum henni Rannveigu Ólafsdóttur fyrir góða leiðsögn. Mig langar að þakka viðmælendum mínum fyrir að gefa sér tíma til að aðstoð mig við þessa rannsókn. Auður Guðmundsdóttir og Guðjón Lárusson fá endalaust mikið þakklæti af minni hálfu fyrir yfirlestur ritgerðarinnar og stuðning. Síðast en ekki síst þá vil ég þakka elsku ástinni minni, honum Ella fyrir endalausa þolinmæði og mömmu fyrir að vera alltaf til staðar. Mína innilegustu og hlýjustu kveðju fær yndislegi sonur minn fyrir að vera til og gera lífið auðveldara á meðan þessi skrif stóðu yfir.

1. Inngangur

Ferðaþjónusta er ein þeirra atvinnugreina í heiminum sem hefur vaxið hvað hraðast undanfarin ár. Með hröðum vexti hennar hefur fjölbreytni innan atvinnugreinarinnar vaxið stöðugt. Ferðaþjónusta er stór og mikil atvinnugrein þar sem hægt er að skipta henni niður í margar undirgreinar en þær hafa allar sín einkenni og fylgja allar ákveðnu markmiði þar sem þær beina sjónum sínum að því að þjónusta þann markhóp sem þær eiga við. Aðgengileg ferðaþjónusta (e. accessible tourism) er ein af þeim undirgreinum en samkvæmt Lucilla, Nocco, Petrillo og Samantha (2004) snýst aðgengileg ferðaþjónusta um að auðvelda fólki að ferðast og upplifa ferðalög sín án þess að mæta neinum hindrunum af einhverju tagi. Fatlað, slasað, aldrað og annað fólk með sérþarfir finnur stöðugt fyrir hindrunum í daglegu lífi en aðgengi fyrir þennan hóp á mörgum ferðamannastöðum er oft takmarkað (Lucilla ofl., 2004).

Talið er að um 15% af öllu fólki í heiminum þjáist af einhvers konar fötlun og það hlutfall fari sífellt hækkandi (Velferðarráðuneytið, á.á.). Nánast allt fatlað fólk upplifir einhvers konar hindranir á lífsleiðinni og má til dæmis nefna hindranir sem snúa að aðgengi, en aðgengi að byggingum, náttúrusvæðum og fleiru er oftar en ekki ábótavant (Velferðarráðuneytið, á.á.). Hugtökin „ferðaþjónusta fyrir alla“ og „ferðaþjónusta fyrir fatlaða“ hafa verið í umræðunni undanfarið í heiminum og er það stefna ýmissa stofnanna að reyna að sameina þessi hugtök, þar sem að gott aðgengi ætti að vera til staðar alls staðar og ekki ætti að þurfa að gera sérúrræði fyrir fatlaða því fatlaðir eru hluti af samfélaginu. Ferðaþjónusta fyrir alla á að innihalda aðgengilega ferðaþjónustu fyrir alla (Leidner, 2006).

Megin markmið þessarar rannsóknar er að kanna og meta aðgengi og aðstöðu fyrir fatlaða á ferðamannastöðum á Íslandi, með því að gera úttekt á vinsælum viðkomustöðum ferðamanna á Gullna hringnum, sem er ein vinsælasta ferðamannaleið erlendra ferðamanna sem hingað koma. Stuðst verður við sérhannaðan gátlista til að meta og greina bæði aðgengi og aðstöðu á vettvangi. Hugtakið fötlun nær yfir stóran hóp fólks en í þessu verkefni verður áhersla lögð á það fólk sem er með hreyfihömlun af einhverju tagi, þ.e. fólk sem hefur litla hreyfigetu og getur ekki ferðast um án hjálpartækja, svo sem hjólastóla og göngugrinda.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar lagðar til grundvallar:

- ◆ Hvernig er aðgengi og aðstaða fyrir fatlað fólk á helstu viðkomustöðum ferðamanna á Gullna hringnum?
- ◆ Hafa ráðstafanir verið gerðar fyrir fatlað fólk á þessum stöðum?
- ◆ Hvernig er þáttur fatlaðs fólks í framtíðarskipulagi ferðamennsku á viðkomustöðum ferðamanna á Gullna hringnum?
- ◆ Hvernig er framtíðarskipulag ferðamennsku m.t.t. fatlaðs fólks á Íslandi?

Ritgerðinni er skipt upp í nokkra kafla. Hér á eftir inngangi í kafla 2 er fjallað um fræðin á bak við aðgengilega ferðaþjónustu (e. accessible tourism). Í kafla 2.1 er farið út í skilgreiningu hennar. Í kafla 2.2. er fötlun kynnt til sögunnar en einnig eru skoðaðar rannsóknir innan hennar sem tengjast hömlum og ferðalögum. Því næst tekur við kaflinn 2.3. en í honum er varpað ljósi á muninn á aðgengilegri ferðaþjónustu og ferðaþjónustu fyrir fatlaða. Í lok fræðilega kaflans er gott aðgengi tekið fyrir ásamt skipulagsmálum. Í kafla 3 er kynning á þeim rannsóknarsvæðum þar sem vettvangsathuganir voru gerðar. Aðferðir sem stuðst var við eru kynntar í 4. kafla en niðurstöður rannsóknarinnar birtast okkur í kafla 5. Í kafla 6 eru dregnar fram ályktanir af fengnum niðurstöðum og þær ræddar.

2. Fræðileg nálgun

2.1 Aðgengileg ferðapjónusta

Samfara hröðum vexti og hraðri útbreiðslu ferðapjónustunnar hafa vaxið upp ný form af ferðamennsku þ.e. ný hugtök innan hennar, en aðgengileg ferðapjónusta (e. accessible tourism) er ein af slíkri ferðapjónustu. Aðgengileg ferðapjónusta er tiltölulega ný af nálinni en nafnið sem þetta form af ferðamennsku ber skýrir sig nokkuð sjálft og má tengja hugtakið almennt við aðgengi innan ferðapjónustunnar, hvort sem það er tengt samgöngum, aðgengi að byggingum eða náttúrusvæðum (Lucilla ofl., 2004). Samkvæmt skýrslu eftir Lucilla ofl. sem kom út árið 2004, er hugtakið aðgengileg ferðapjónusta skilgreint sem samheiti yfir þá þjónustu, aðstöðu og innra skipulag sem gerir fólki kleift að upplifa ferðalög og annars konar afþreyingu án þess að mæta neinum hindrunum. Þessi skilgreining á jafnt við um allt fólk þ.e. heilbrigt, fatlað, veikt og aldrað. Darcy og Dickson (2009) benda hins vegar á að í New South Wales í Ástralíu sé hugtakið skilgreint sem ferðapjónusta sem snýst um að auðvelda fólki fríið sitt og gefa því kost á að njóta lífsins til hins ýtrasta.

Westcott (2004) telur að aðgengileg ferðapjónusta eigi að eiga við alla ferðamenn í heiminum þar sem gott aðgengi auðveldar öllum og má þá nefna til dæmis fólk með kerrur, börn og stórar töskur. Aftur á móti, þegar talað er um aðgengi fyrir alla hugsa flestir um þá sem þurfa hvað mest á aðgengilegri ferðapjónustu að halda en þá er átt við fatlaða, veikt fólk og aldraða Þegar kemur að ferðapjónustu ætti aðgengi fyrir alla í raun að vera mikilvægur hlekkur innan hennar bæði til að sjá til þess að allir geti ferðast um á sem auðveldastan máta og einnig til þess að auka tekjur innan atvinnugreinarinnar.

Með bættu aðgengi er líklegt að fólk ferðist meira og eftir því sem ferðamönnum fjölgar því stærri og öflugri verður ferðapjónustan. Westcott (2004) leggur áherslu á að samkeppni hafi alltaf verið ríkjandi innan ferðapjónustunnar og ferðamannastaðir keppast nú þegar hver við annan um gæði, verð, aðdráttarafl og framboð á þjónustu. Framboð á aðgengilegum ferðamannastöðum ætti því að skipta miklu máli í dag fyrir ferðapjónustuaðila og spilar það ásamt góðum upplýsingum, lykilhlutverk í aðdráttarafli og gefur ferðamannastöðum mikið samkeppnisforskot.

Israeli (2002) bendir í þessu samhengi á að fatlað fólk eru mjög mikilvægur hlekkur innan ferðaþjónustunnar að því leyti að fötluðu fólki fjölgar ört í heiminum og eftir því sem aðgengi verður betra því fleiri fatlaðir munu ferðast og munu efla ferðaþjónustu hvers lands fyrir sig. Hann vill einnig meina að þrátt fyrir að fatlað fólk sé jákvæður hlekkur innan ferðaþjónustunnar þá séu ferðamannastaðir ekki alltaf jafn jákvæðir í garð þeirra að því leyti að oft er aðgengi mjög ábótavant. Það er ekki öllum eðlilegt að þjónusta fatlað fólk. Til þess að ná fram sem jákvæðustum hliðum fyrir báða aðila þ.e. ferðaþjónustuna og fatlaðs fólks þá þurfa þessir hópar að vinna saman (Israeli, 2002). Samvinna þessara hópa gæti því skapað jákvæðan farveg fyrir alla, þ.e. bætt aðgengi fyrir þá sem þurfa og bæði gróða og hagvöxt innan ferðaþjónustunnar.

Náttúruferðamennska (e. nature tourism) er eitt afsprengi innan ferðaþjónustunnar en hún tengist ferðamennsku í náttúrunni. Hugtakið er í raun vítt, breitt og óljóst en það nær yfir ýmsa þætti náttúrunnar. Það nær einnig yfir þau flóknu tengsl milli ýmissa þátta innan náttúrunnar, svo sem náttúrusinnaða ferðamenn, eðli ferðaþjónustufyrirtækja og ýmissa þátta innan hennar (Aho, 2000). Fatlaðir ferðamenn eiga oft á tíðum erfitt með að komast milli staða sökum lélegs aðgengis, en auk þess er því ábótavant á náttúruferðamannastöðum. Aho (2000) vill meina að oft sé erfitt að gera viðeigandi ráðstafanir fyrir fatlaða þegar það kemur að náttúrunni og að náttúruferðamennska er alls ekki alltaf aðgengileg fötluðum ferðamönnum. Hann telur því að erfitt sé að tengja saman náttúruferðamennsku og aðgengi fyrir fatlaða. Náttúran má ekki missa ásýnd sína og tapa upprunaleika sínum og er því erfitt að byggja of mikið á stöðum sem slíkum. Jafnframt því þá er náttúran opin auðlind sem allir eiga að hafa jafnan aðgang að.

Flestir rannsakendur á þessu sviði eru sammála um að skortur sé á rannsóknum sem snerta fatlaða og ferðaþjónustu. Samkvæmt Israeli (2002) hafa fáar rannsóknir verið gerðar sem snúa að ferðaþjónustu og fötlun. Yau, Mckercher og Packer (2004) taka undir þetta og benda á að miðað við hversu hratt ferðaþjónusta breiðist út og stefnir í að verða ein stærsta viðskiptagrein heims og með aukningu fatlaðs fólks í heiminum (Velferðarráðuneytið, á.á.) þá sé það undarlegt hversu lítið er til af rannsóknum. Fleiri rannsóknir sýna enn fremur fram á að mikill skortur sé á rannsóknum sem beinast að ferðamennsku og fötlun þar sem að rannsóknir á þessu sviði séu mikilvægar. Nýleg rannsókn eftir þá Lee, Agarwal og Kim (2011) sýna fram á að enn sé skortur á þess háttar rannsóknum.

2.2 Fatlaðir ferðamenn, hindranir og ferðalög

Fötlun hefur í gegnum tíðina verið flokkuð sem partur af mannlegu ástandi en nánast allir í heiminum finna fyrir fötlun einhvern tímann á lífsleiðinni, hvort sem um er að ræða langtíma- eða skammtímafötlun. Hversu margir í heiminum lifa með einhvers konar fötlun er ómögulegt að segja til um en samkvæmt *World Report on Disability* er áætlað að það séu um einn milljarður manna, sem er um 15% af öllum í heiminum (World Health Organization, 2011). Árið 1970 var gerð könnun sem sýndi fram á að 10% af heiminum þjáðist af einhvers konar fötlun en það sýnir að á 40 árum hefur tíðnin hækkað um 5%. Helsta ástæða þess að tölurnar fara hækkandi má rekja til þess að fólk er að eldast. Eftir því sem fólk eldist og lifir lengur þá er það í meiri hættu á að greinast með sjúkdóma sem að geta leitt til fötlunar (Velferðarráðuneytið, á.á.).

Skilgreining á hugtakinu fötlun er sífellt að taka breytingum en það er líka breytilegt eftir til dæmis löndum og stofnunum. Í grein eftir Burnett og Baker (2001) er tekinn fram mismunurinn á skilgreiningu hugtaksins hjá World Health Organization (WHO) og stofnunarinnar ADA eða Americans with Disabilities. Samkvæmt World Health Organization er fötluðu fólki skipt niður eftir því hvort það er með skaða (e. impairment), örorku (e. disability) eða ágalla (e. handicap). Að vera með skaða (e. impairment) heldur utan um það fólk sem glímir við lang- eða skammvinn veikindi sem geta verið sálfræðileg, tengd hreyfi- og líffræðilegri getu. Örorka (e. disability) nær yfir það fólk sem glímir við veikindi sem leiða til skertrar hreyfigetu en þetta ástand getur ekki talist eðlilegt. Ágalli (e. handicap) er sú tegund fötlunar þar sem einstaklingur upplifir mismunandi ókosti sökum hennar en þeir geta verið tengdir aldri, kyni, félagslegum og menningarlegum þáttum. ADA hefur hins vegar þá skilgreiningu að fötlun nái jafnt yfir alla þá sem glíma við geð og líkamlega vanheilsu, veikindi á borð við krabbamein, óbærilega verki í líkamanum, fólk sem ber ör á líkama sínum eftir bruna og síðast en ekki síst beinbrot og tognun. Þetta á í raun við alla þá þætti sem gera það að verkum að einstaklingur getur ekki sinnt sínum daglegu verkum sökum líkamlegra eða andlegra veikinda. Yau, McKercher og Packer (2004) tala um að fötlun geta einnig verið meðfædd eða áunnin, en einstaklingur getur orðið fatlaður allt frá einni nóttu eða í langan tíma. Samkvæmt þeirra grein er fötlun einnig talin eiga við um alla þá sem glíma við hreyfihömlun, líkamleg, andleg og heyrnarvandamál.

Nauðsynlegt er að hafa góða og skýra skilgreiningu á hugtakinu því hún á að vísa í þau sérréttindi sem fatlaðir þurfa til þess að geta lifað lífi sínu á sem eðlilegastan hátt. Á alþjóðavettvangi er hvað mest stuðst við skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna en samkvæmt henni getur fólk verið fatlað á margan hátt, bæði andlega og líkamlega, vegna taugaskaða eða annarra læknisfræðilegra aðstæðna, ásamt því nær það einnig yfir það fólk sem glímir við geðræn vandamál. Skilgreiningin nær yfir bæði tímabundna- og langtímafötlun, en fötlun er eitthvað sem er bundið í einstaklingnum sjálfum en ekki í umhverfi hans. Á Íslandi hefur í gegnum tíðina verið notast við þá skilgreiningu að fötlun sé tengd læknisfræði og má líkja henni við endurhæfingu. Þetta á við alla þá sem að þurfa á sérstakri þjónustu eða stuðningi að halda og má þá nefna þá sem glíma við þroska- og hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu og geðfötlun. Þetta á einnig við um alla þá sem hljóta einhvers konar fötlun vegna veikinda eða slysa (Mannréttindastofa Íslands, á.á.).

Allt fólk sem þarf að lifa með fötlun upplifir einhvers konar hömlur í sínu daglega lífi. McKerchera, Packer & Lamd (2003) vilja meina að þessar hömlur geti verið margs konar en sem dæmi um þær má nefna neikvætt viðhorf almennings, skort á góðu aðgengi, ófullnægjandi stefnumál og miklar kröfur sem gerðar eru til þeirra, ásamt fleiru. Árið 1987 gerði maður að nafni Ralph Smith rannsókn sem tengdist fötluðum og ferðaþjónustu en það var í fyrsta sinn sem rannsókn á þessu sviði var gerð. Rannsókn hans sneri að þeim hömlum sem hindra þátttöku fatlaðs fólks í daglegum verkum og öðrum afþreyingum. Smith talaði um að auðvelt væri að aflétta þessum hömlum og það myndi auðvelda öllum fyrir (Yau, McKercher & Packer, 2004). Flestar rannsóknir sem fjalla um tengsl ferðaþjónustu og fötlunar fást við þær hömlur sem fatlaðir þurfa að lifa við. Samkvæmt þeim ættu lausnir þeirra mála ekki að vera flóknar og þyrftu fleiri rannsóknir að vera gerðar til þess að sýna fram á að hversu nauðsynlegar þær lausnir eru.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að hömlur geta haft veruleg áhrif á líf og líðan fólks. Í rannsókn sem gerð var árið 1981 af þeim Franken og Raaji skiptu þeir þessum hömlum niður í tvo flokka og gerðu greinarmun á þeim. Hömlum er skipt í innri og ytri hömlur en innri hömlur telja þeir vera persónulega þætti þ.e. geta, þekking og áhugamál en ytri hömlur eru skilgreindar sem landfræðileg fjarlægð, skortur á tíma, peningum og aðstöðu. Fatlaðir verða að geta treyst á þessar innri og ytri hömlur og þær þurfa að virka vel ef þeir ætla sér að geta verið 100% ferðafærir. Aðrir rannsóknarmenn vilja frekar flokka hömlurnar í persónulegar og samfélagsbundnar hömlur. Í raun hefur það sama gildi og innri og ytri hömlurnar og eru því

flestar rannsóknir sammála um hvers kyns þessar hömlur eru. Í rannsókn eftir McKerchera, Packer, Yauc & Lamd (2003) er talað um að hömlur geti verið bæði persónulegar og samfélagsbundnar. Persónulegar hömlur fólks er fötlun þess en sökum hennar getur fólk ekki ferðast á sama hátt og þeir sem eru ófatlaðir. Hins vegar er það í höndum samfélagsins að aflétta þeim hömlum sem eru á þeirra valdi þ.e. hindraður aðgangur að byggingum, náttúrusvæðum og annarri þjónustu.

Mörgu fötluðu fólki finnst það þurfa að gefa ýmsar afþreyingar upp á bátinn en ferðalög eru stór partur af þeim, margir ferðast ekki yfir höfuð en aðrir láta þetta ekki á sig fá (Yau, ofl. 2004). Sú upplifun að geta ferðast og kynnst nýjum stöðum er mikilvæg fyrir þá sem hafa áhuga á því og eiga að hafa sama rétt til þess. Fatlað fólk getur ekki notið þess að ferðast eins og aðrir en því mætti vel breyta með aðgengilegri ferðaþjónustu (Lucilla, Nocco, Petrillo & Samantha, 2004).

Þegar fólk ferðast leitar það sér að stöðum þar sem það getur notið staðarins og lífsins til hins ýtrasta. Samkvæmt rannsókn Darcy og Dickson (2009) leitast ferðamenn við að finna svokallað „sense of place“ þ.e. upplifa staðinn út frá eigin upplifun eins og það vill. Aðgengileg ferðaþjónusta gengur út á nákvæmlega það sama nema að hún ýtir undir að það verði að vera leið fyrir alla að komast þangað og notið staðarins án nokkurrar hömlunar. Þeir stinga upp á því að fólk þyrfti að tileinka sér líf fatlaðra betur og reyna að skipuleggja ferðamannastaði út frá þeirra sjónarmiði, þ.e. að setja sig í spor fatlaðs fólks og finna út hvað það er sem skiptir máli fyrir þá. Þrátt fyrir skynsamlegar hugmyndir þeirra þá er þetta því miður ekki raunin í of mörgum tilvikum og þurfa fatlaðir því að skapa sér sína eigin sýn á stöðunum aðeins út frá þeim svæðum sem eru þeim aðgengileg.

Þar sem fötlun getur leitt til persónulegra erfiðleika hjá einstaklingum og þeirra nánustu, þá ætti hún alls ekki að valda því að einstaklingurinn geti ekki tekið þátt í margvíslegum þáttum samfélagsins. Allir hafa sama réttinn til þess að njóta afþreyingar innan samfélagsins hvort sem um er að ræða fatlaðan eða ófatlaðan einstakling.

2.3 Aðgengileg ferðaþjónusta fyrir alla?

Nýlega hefur hugtakið „aðgengileg ferðaþjónusta“ verið í brennidepli og er það notað til þess að útskýra marga mismunandi þætti en oftast er það notað til að útskýra þarfir á þeirri helstu aðstöðu sem þarf að vera til staðar á ferðamannastöðum (Leidner, 2006). Því miður nær þetta

hugtök ekki alltaf yfir alla þegna samfélagsins og verður fatlað fólk oftast útundam. Leidner (2006) talar um að í þeim löndum þar sem aðskilnaður er á milli aðgengi fyrir fatlaða og ófatlaða þá þarf ríkistjórnin yfirleitt að aðstoða fatlaða við ferðalög á þeirra eigin vegum. Sökum þessa aðskilnaðar þá hefur oft verið gripið til hugtaksins „ferðþjónusta fyrir fatlaða“ og gengur hún út á að gera ferðamannastaði og aðrar afþreyingar aðgengilegar fyrir fatlaða. Með þessu móti er aðgengi fyrir fatlað fólk og svo ófatlaða aðskilið og ýtir það undir enn meiri aðskilnað og mismun milli fólks.

Til þess að minnka þennan aðskilnað á milli fatlaðra og ófatlaðra þá ættu bæði hugtökin að vera sameinuð undir einu. Samkvæmt Leidner (2006) þá væri besta lausnin á því vandamáli að flokka aðgengilega ferðþjónustu og ferðþjónusta fyrir fatlaða undir einn hatt. „Ferðþjónusta fyrir alla“ stendur ekki fyrir því að búa til úrlausnir fyrir fatlað fólk heldur snýst hún um að allir geti notið sömu aðstæðna án þess að það þurfi að verða til einhvers konar aðgreiningar á milli fólks.

Margar stofnanir hafa gefið út bæði skýrslur og yfirlýsingar sem varða aðgengilega ferðþjónustu fyrir alla. Leidner (2006) nefnir hér í rannsókn sinni stofnun sem tileinkar sér að berjast gegn aðskilnaði fatlaðra og ófatlaðra. Stofnunin the *European Union* einblínir á að sameina öll markmið um aðgengi og ferðþjónustu. Reglur og markmið EU eru að styðja og sérhæfa sig í að gera aðgengi innan ferðþjónustunnar aðgengilegt fyrir alla.

Önnur stofnun sem má nefna er *United Nations World Tourism Organization* (UNWTO) en sú stofnun gaf út skýrslu árið 2005 sem ber nafnið *Accessible Tourism for All* og fjallar um það hvernig bæta megi aðstöðu og aðgengi fyrir fatlað fólk ásamt því að þjálfa fólk í að sjá um þær nauðsynlegu þarfir sem fatlaðir þurfa á að halda. UNWTO stofnunin er sannfærð um að gott aðgengi fyrir fatlaða sé nauðsynlegt innan ferðþjónustunnar og mikilvægt er að hafa reglur og stefnur sem ganga úr skugga um að aðgengi fyrir fatlað fólk sé í góðu lagi. Árið 2009 gaf stofnunin út aðra skýrslu sem fjallaði um mikilvægi góðs aðgengis fyrir fatlaða en hún heitir *Declaration on the Facilitation of Tourism Travel*. Skýrslan hamrar á því að leita skuli ráða til þess að sjá fram á að aðgengi fatlaðs fólks sé alltaf fullnægt ásamt því að upplýsa fólk og starfsfólk ferðþjónustunnar um það hvernig best sé að bæta aðgengið (World Tourism Organization Network, 2011).

Árið 2011 ákvað UNWTO að framkvæma margs konar starfsemi til að bæta aðgengi og fleiri þætti fyrir fatlaða en það munu þeir gera með hjálp utanaðkomandi aðila. Í skýrslunni má

finna dæmi á borð við bætt aðgengi, auka leiðbeiningar, laga merkingar og tryggja að ferðamannastaðir hafi gott aðgengi fyrir fatlað fólk. Í dag er búið að plana samstarf á milli UNWTO (United Nations World Tourism Organization), Fundación ONCE (the ONCE Foundation for Cooperation and Social Inclusion of People with Disabilities) og ENAT (European Network for Accessible Tourism). Þetta samstarf felur í sér að byggja upp aðgengilega ferðþjónustu fyrir alla, ráðgjöf um stefnumótun, vitundarvakningu, útbúa leiðbeiningar og undirbúa verkefni sem eiga að byggja upp þjálfun og getu (World Tourism Organization Network, 2011).

Árið 2006 í framhaldi af ráðstefnu sem samgönguráðuneytið stóð fyrir, var hafist handa við að byggja upp samstarfsverkefnið „Ferðþjónustu fyrir alla“ sem átti að bæta aðgengi fólks að áningar- og útivistarstöðum á Íslandi. Þetta var hugsað fyrst og fremst fyrir fatlað fólk. Verkefnið er unnið af Ferðamálastofu, Öryrkjabandalagi Íslands, Ferðþjónustu bænda, Samtökum ferðþjónustunnar og Ferðamálasamtökum Íslands. Aðal tilgangur þessa verkefnis var að gera fólki kleift að skipuleggja ferðalög sín út frá því hversu aðgengilegir staðir eru ásamt því að hjálpa til við úrbætur á þeim stöðum þar sem þeirra er þörf (Ferðamálastofa, 2007).

2.4 Gott aðgengi og skipulag

Aðgengi hefur verið skilgreint sem sú athöfn þegar að fólk nálgast, gengur inn í og notar bæði byggingar, útivistarsvæði og fleira. Gott aðgengi fyrir fatlað fólk hefur verið mikið í umræðunni upp á síðkastið og er hugtakið sífellt að breytast. Á stuttum tíma er það komið frá því að vera eingöngu bundið við aðgengi fólks í hjólastólum, yfir í að gilda yfir allar þær athafnir sem fatlaðir þurfa að gera í daglegu lífi (Mannréttindastofa Íslands, á.á.).

Til þess að aðgengi á ferðamannastöðum virki sem réttast þá þarf skipulag staðanna að vera í lagi. Oft þegar talað er um skipulag á afþreyingu þá er hugtakið skipulag á dægrastyttingu eða annars konar skemmtiafþreyingu notað (e. recreational planning). Í því skipulagi felst að móta ákveðið landsvæði fyrir þá starfsemi sem þar mun eiga sér stað, en allur almenningur skal hafa aðgang að. Afþreyingar af þessu tagi eiga sér oftast stað í almenningsgörðum, sundlaugum og í raun alls staðar þar sem að fólk getur safnast saman og slakað á, safnað orku og notið lífsins. Allir eiga rétt á því að notfæra sér þessar afþreyingar og er því dægrastytting og annars konar skemmtiafþreying skilgreind sem þjónusta þar sem allir þegnar samfélagsins, þar á meðal fatlaðir hafa aðgang að (Devin & Koch, 2003).

Reglur og reglugerðir taka oft ekki nógu mikið tillit til þeirra sérþarfa sem fatlað fólk hefur. Þetta vandamál má oft rekja til þess að ríkistjórn hvers lands fyrir sig er oft ekki að leggja nógu mikið af peningum í að byggja upp og bæta það sem þarf til að létta á þessum hömlum (World Health Organization, 2011). Í mörgum þróuðum ríkjum eru þó reglur sem allir þurfa að fylgja eftir þegar byggingar, samgöngur og skipulag er sett í framkvæmd en þessar reglur passa upp á að gott aðgengi fyrir fatlað fólk og eldri borgara sé til staðar (Darcy & Dickson, 2009). Nauðsynlegt er að hafa tilfallandi þjónustu fyrir fatlað fólk á ferðamannastöðum til að gera staðina aðgengilegri en fatlaðir kjósa oftast að ferðast ekki til þeirra staða þar sem aðgengi er ekki nógu gott. Samkvæmt rannsókn Israeli (2002) þá talar hann um að fatlaðir geti fundið það út með upplifunum sínum á þessum ferðamannastöðum, hvað það er sem þarf að laga fyrir þá. Rannsóknin hans snérist um að láta fatlaða ferðamenn fara á ferðamannastaði og meta hvað þeim þætti æskilegt að hafa til staðar fyrir sig til að auðvelda þeim aðgengið. Þátttakendur voru beðnir um að raða upp þeim þáttum sem þeim þóttu mikilvægastir en í nánast öllum tilfellum töluðu þeir um að lyftur væru nauðsynlegur kostur ef staður byði upp á það. Þar á eftir komu aðgengileg bílastæði, sléttir rampar, góðir göngustígar og gangstéttir en síðast voru það stigar.

Rannsókn Israeli (2002) sýnir fram á það hversu nauðsynlegt það getur verið að fá innsýn inn í heim fatlaðs fólks á ferðalögum þeirra en auðveldara væri að halda stöðum aðgengilegum ef vitað væri fyrir vissu hvað það er sem vantar. Burnett og Baker (2001) gagnrýna það að þrátt fyrir að reynt sé að skilja fatlaða sem neytendur og komast til botns í hvað er hægt að gera á þessum stöðum þá sé ekki grafið nógu djúpt. Þeir telja nauðsynlegt að fleiri rannsóknir séu gerðar meðal fatlaðs fólks til þess að skoða tilfinningar þeirra þ.e. þrár, óskir og nauðsynjar en með því að skilja þessar tilfinningar væri hægt að mæta þörfum þeirra á réttann máta. Samkvæmt rannsókn þeirra þá er allt of oft litið fram hjá þessum rannsóknum þó þær séu gerðar. Þeir vilja einnig meina að yfirleitt sé aðeins gefin ákveðin upphæð fyrir hvern stað til þess að auka þægindi þeirra en þessi þægindi eru ekki endilega það sem skiptir mestu máli þegar það kemur að fötludum.

Á Íslandi hefur undanfarin ár verið mikið lagt upp úr því að fatlaðir fái að njóta sömu réttinda og aðrir þjóðfélagsþegnar svo þeir geti lifað við sömu skilyrði. Samkvæmt Velferðarráðuneytinu hefur fötludum verið veitt sérstök réttindi sem eiga að tryggja það að sérþörfum þeirra sé mætt. Þessi réttindi er að finna í lögum um málefni fatlaðs fólks en þar sér velferðarráðherra um helstu málefni. Velferðarráðherra í samvinnu við Sanmbönd

Íslenskra sveitafélaga, heildarsamtök fatlaðs fólks og önnur aðildarfélög vinna saman að opinberri stefnumótun í ákveðnum málaflokkum fatlaðra. Aðgengi er eitt af réttindum fyrir fatlað fólk en það á við bæði aðgang að öllum þeim daglegu hlutum sem fólk þarf að gera á borð við skóla, búð, frístundir o.fl. en þetta á líka við um aðgengi fólks að upplýsingum (Velferðarráðuneytið, á.á.).

Ferðamálastofa sér um öll helstu ferðamál Íslands samkvæmt lögum, einnig stuðlar hún að þróun atvinnugreinarinnar. Eitt af þeim mörgu markmiðum Ferðamálastofu er að tryggja að ferðamannastaðir séu aðgengilegir fyrir fatlað fólk. Umhverfismál eru í brennidepli hjá þeim og hefur því Ferðamálastofa tekið það að sér að veita styrki til þess að fólk geti byggt upp og bætt mannvirki og hugað betur að umhverfi sínu (Ferðamálastofa, 2011.a.).

Árið 2005 var Aðgengi ehf. stofnað en það er fyrirtæki sem veitir ráðgjöf ásamt skýrslum og úttektum sem snerta gott aðgengi bæði utan- sem innandyrna. Fyrirtækið heldur einnig úti vefsíðu sem heitir „Gott aðgengi (www.gottadgengi.is)“, en á henni er hægt að skipuleggja ferðir og kortleggja þær með tilliti til aðgengis fyrir fatlað fólk en á síðunni er leitarvél sem getur gefið upp hvernig aðgengi er á hverjum stað fyrir sig og hverjum það hentar. Staðirnir eru merktir með svokölluðu merkjakerfi en merkin gefa til kynna fyrir hvers konar fötlun staðurinn eða svæðið hentar. Sjö flokkar eru innan merkjakerfisins og eru þeir; fyrir hjólastólanotendur, göngu- og handaskerta, blinda- og sjónskerta, heyrnarskerta, þá sem eru með astma og ofnæmi, þroskahömlun og síðan lestrarörðugleika (Gott aðgengi, á.á.).

Samkvæmt Tryggingarstofnun eru um það bil 15.000 Íslendingar á aldrinum 19 til 67 ára öryrkjar. Merkin nýtast þó ekki bara þeim sem eru fatlaðir heldur er þetta gott fyrir fjölskyldumeðlimi og vini þeirra líka því oftast en ekki eru fatlaðir í fylgd með öðrum þegar þeir ferðast. Áætla má að þeir sem komi til með að nýta sér merkjakerfið séu um 120.000 manns, aðeins á Íslandi (Gott aðgengi, á.á.). Þetta gefur til kynna að merkin eigi eftir að nýtast fötluðu fólki vel við ferðalög á Íslandi.

3. Rannsóknarsvæði

3.1 Gullni hringurinn

Gullni hringurinn hefur lengi verið ein vinsælasta ferðamannaleið landsins. Eins og nafnið gefur til kynna liggur leiðin í hring sem byrjar og endar í Reykjavík. Á þessari hringleið eru margir af vinsælustu áfangastöðum þeirra ferðamanna er heimsækja Ísland, s.s. Þingvellir, Gullfoss og Geysir. Algengast er að ferðin byrji með því að ekið sé til Þingvalla um Mosfellsheiðina og þaðan yfir að Laugarvatni. Frá Laugarvatni er ferðinni haldið að Geysi og Gullfossi en eftir það liggur leiðin aftur til Reykjavíkur um Grímsnes með viðkomu í Kerinu og síðan um Selfoss og Hveragerði. Hringurinn er um 300 kílómetrar í heildina og er því kjörin dagsferð en þó eru alltaf einhverjir sem taka hringinn á nokkrum dögum og skoða fleiri áfangastaði á þessari leið (Golden Circle Iceland, á.á; Sterna, 2008-2011; Visit Iceland, 2009). Þessir vinsælu ferðamannastaðir innan Gullna hringsins eiga það sameiginlegt að vera friðlýstir en tilgangurinn með að friðlýsa svæði er sá að varðveita ósnortna náttúruna og gera fólki kleift að njóta hennar um ókomna tíð (Umhverfisstofnun, á.á.).

Í þessari rannsókn er sjónum beint að vinsælustu áfangastöðunum, þ.e. Þingvöllum, Gullfossi, Geysi og Kerinu ásamt Skálholti. Hér að neðan er stutt lýsing á hverjum þessara staða fyrir sig.

3.2 Vinsælustu viðkomustaðir ferðamanna á Gullna hringnum

3.2.1 Þingvellir

Þingvellir eru í Bláskógarbyggð í Árnessýslu en þeir eiga sér langa og merka sögu sem er mjög táknræn fyrir Íslendinga og nær langt aftur í tímann. Árið 930 var Alþingi stofnað á Þingvöllum og stóð alveg fram til 1798 en árlega söfnuðust menn saman á þing sem stóð alltaf í um tvær vikur í senn og voru lög sett og deilur leystar. Upphaf íslenskrar löggjafar má því rekja aftur til Þingvalla og hefur því mikið gildi fyrir Íslendinga (Umhverfisstofnun, á.á.a). Svæðið hefur upp á margt að bjóða fyrir ferðamenn en þeir geta notið þess að skoða leifar af Alþingi hinu forna ásamt rústum af gömlum torfbæjum sem reistir voru á tímum Alþingis. Þingvellir eru einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins í dag og þangað koma árlega um hundruð þúsunda gesta til að kynna sér sögu staðarins, skoða náttúruperlur hans og berja staðinn augum (Þingvellir.is, á.á.a).

Þingvellir eru í dag friðlýstur staður en það var árið 1930 sem að blað var brotið í sögu náttúruverndar á Íslandi því Þingvellir var fyrsti þjóðgarðurinn sem stofnaður var hérlandis (Þingvellir.is, á.á.a.). Þann 2. júlí árið 2004 voru Þingvellir síðan samþykktir inn á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna og með því eru þeir á skrá meðal tæplega 800 staða í heiminum sem hafa að geyma menningar- og náttúruminjar sem þykja hafa einstakt gildi fyrir heimsbyggðina alla (Þingvellir.is, á.á.b.).

3.2.2 Geysir

Í Haukadal er að finna eitt þekktasta hverasvæði í heiminum en það er Geysisvæðið. Svæðið hefur að geyma hina ýmsu hveru og heitar laugar en þekktustu hverirnir eru þeir Geysir og Strokkur. Geysisvæðið er mjög vinsæll komustaður fyrir ferðamenn og er talið að um 70% allra þeirra ferðamanna sem koma hingað árlega til landsins heimsæki Geysisvæðið en það eru um 400.000 manns. Vegna vinsældar þessa svæðis ákvað Umhverfisstofnun að setja Geysisvæðið á lista yfir þau 10 verndarsvæði á Íslandi sem eiga á hættu á að tapa sinni upprunalegri mynd og gildi sökum sífellds ágangs ferðamanna (Umhverfisstofnun, á.á.b.). Geysir hefur í tímanna rás orðið einn þekktasti goshver á jörðinni en gos hans hafa náð allt að 40-60 metra hæð. Hveraskál hans er um 18 m í þvermál og djúpt hans er um 20 m. Geysir hefur verið að gjósa öldum saman en upp úr aldamótunum 1900 hægði verulega á gosum í hvernum. (Tómas Einarsson & Helgi Magnússon, 1989). Í dag gýs Geysir ekki lengur eins reglulega og hann gerði og eru skiptin orðin mjög fá. Öfugt við Geysi þá gýs Strokkur mjög reglulega og líða oftast ekki nema nokkrar mínútur á milli gosa (Helgi Torfason, 2008).

3.2.3 Gullfoss

Á suðurlandinu má finna stórann og mikilfenglegan foss sem ber heitið Gullfoss en hann er í Hvítá og er þekktur fyrir stærð sína og fegurð. Einnig þykir flott hvernig hann skiptist í tvennt og hefur óvenjulega lögun. Fossinn er í raun í tveimur lögum, hann skiptist í efri og neðri foss en efri fossinn er um 11 metrar og sá neðri er um 20 metrar. Fyrst fellur hann fram af 14 metra háum stalli en síðan tekur hann bratta beygju rétt áður en hann fellur aftur niður af 18 metra háum stalli. Þegar hann hefur runnið niður af báðum stöllum endar hann svo á því að taka enn aðra beygju alveg neðst í gljúfrinu. Árið 1979 var Gullfoss friðlýstur ásamt gljúfrinu neðan hans, lífríki og náttúru. Friðlýsta svæðið nær yfir um 154,9 ha en Gullfossgljúfrið sjálft er um 2,5 km að lengd og 70 metra djúpt. Talið er að fossinn og gljúfrið hafi myndast við lok ísaldar (Umhverfisstofnun, á.á.a.).

3.2.4 Skálholt

Skálholt er staðsett í Biskupstungum en landið liggur á milli Hvítár að austan og Brúarár að vestan (Skálholt, 2004-2011, a.). Dómkirkjan er miðja staðarsins en hún var höfuðkirkja landsins í hálf 8. öld. Umhverfis kirkjuna er síðan kirkjugarðurinn sem hefur að geyma bein þeirra manna sem settu svip sinn á staðinn á sínum tíma (Skálholt, 2004-2011,b.). Í Skálholti var kirkjulegt- og veraldlegt vald í aldir en það var einnig mennta- og menningarsetur. Ísleifur Gissurarson fyrsti biskup Íslands settist þar á stól árið 1056 og eftir hans tíma voru það bæði kaþólskir og lúterskir biskupar sem tóku við honum og sátu þar fram til 1801 en þá var landið sameinað undir einn biskup í Reykjavík. Margt er að skoða og sjá í Skálholti en staðurinn hefur að geyma ýmiss örnefni sem eru tengd vissum sögulegum atburðum (Nat, 2011). Þegar komið er í Skálholt er hægt að skoða skilti þar sem gönguleiðir eru merktar inn ásamt áhugaverðum stöðum sem hafa með sér sögur um atburði liðinna tíma (Nátturulega, á.á.).

3.2.5 Kerið

Í Grímsnesi má finna mikið af gígum en svæðið býr yfir mikilli eldvirkni og þekkt sem eldvirknistöð vestur Íslands. Kerið er vinsælasti gígurinn en þangað sækja margir ferðamenn og má oftast rekja það til fegurðar kristaltærs vatnsins sem gígurinn hefur að geyma. Hraunið í Kerinu er rautt á litinn en ekki svart eins og algengt er. Hraunið nær niður á 55 metra dýpi og er 170 metrar á breidd en vatnið í Kerinu nær niður á 6 til 15 metra en það veltur allt á úrkomu og uppgufun sökum hita (icelandportal, á.á.). Kerið myndaðist aðeins fyrir um 3000 árum síðan og er því helmingi yngra en aðrir gígar á svæðinu. Kerið var talið hafa myndast í einu sprengigosi en rannsóknir hafa leitt í ljós að engar vísbendingar séu til um það. Nú telja menn að gígurinn hafi myndast á miklu lengri tíma og má rekja það til rauða litsins í hrauninu en hann er talinn hafa myndast við oxun járnins í kvikunni sökum grunnvatns, en vatnið sem liggur í Kerinu er grunnvatn (Sigurður Steinþórsson, 2006).

4. Gögn og aðferðir

4.1 Aðferðarfræði

Í þessari rannsókn er stuðst við tvenns konar aðferðir til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru fram í inngangi. Annars vegar er stuðst við rannsóknir á vettvangi, og hins vegar eigindlegar aðferðir. Vettvangsrannsóknin byggist á mati og greiningu á bæði aðgengi og aðstöðu fyrir fatlað fólk á hverjum stað fyrir sig þar sem stuðst er við ákveðinn gátlista sem var sérhannaður fyrir þessa rannsókn. Valdir voru fimm vinsælustu áfangastaðir á Gullna hringnum, þ.e. Þingvellir, Geysir, Gullfoss, Skálholt og Kerið. Til að styrkja niðurstöður vettvangsrannsóknarinnar voru jafnframt tekin viðtöl við umhverfisfulltrúa Ferðamálastofu og við fulltrúa frá ráðgjafafyrirtækinu Gott aðgengi, sem veitir ráðgjöf varðandi aðgengi fatlaðra.

4.2 Framkvæmd og gagnaöflun

Í upphafi rannsóknar var ákveðið að afmarka rannsóknarsvæðið og varð Gullni hringurinn fyrir valinu þar sem hann hefur verið ein vinsælasta ferðamannaleið landsins í gegnum tíðina. Margir ferðamannastaðir eru innan Gullna hringsins og voru staðirnir Þingvellir, Geysir, Gullfoss, Skálholt og Kerið valdir því þar stoppa flestir ferðamenn. Ákveðið var að notast við vettvangsrannsókn en ástæðan fyrir því er sú að rannsakandi metur aðgengi og aðstöðu á eigin spýtur út frá fyrirfram undirbúnum gátlista og verða því niðurstöður rannsóknarinnar áreiðanlegar. Farið var með gátlista á staðina fimm og voru þeir skoðaðir út frá því hvort aðgengi og aðstaða fyrir fatlað fólk væri fullnægjandi. Aðgengi var metið út frá því hvort göngustígar, stigar, útsýnispallar og bílastæði væru aðgengileg. Aðstaðan var síðan metin út frá því hvort þjónustumiðstöð og salernisaðstaða væru til staðar en skoðað var einnig hvort bílastæði væru merkt fyrir fatlað fólk ásamt skiltum og hvíldarstöðum. Rannsóknir á vettvangi fóru fram 29. ágúst 2011 samkvæmt eftirfarandi:

Þingvellir, farið var þann 29. ágúst 2011 og stóð vettvangsathugun í um 2 tíma.

Geysir, farið var þann 29. ágúst 2011 og stóð vettvangsathugun í um 40 mínútur.

Gullfoss, farið var þann 29. ágúst 2011 og stóð vettvangsathugun í um 45 mínútur.

Skálholt, farið var þann 29. ágúst 2011 og stóð vettvangsathugun í um 50 mínútur.

Kerið, farið var þann 29. ágúst 2011 og stóð vettvangsathugun í um 25 mínútur.

Viðmælendur voru valdir út frá bakgrunni þeirra en þau vinna bæði við störf sem tengjast rannsóknarefninu en gott aðgengi má finna innan þeirra starfa. Viðtöl voru tekin við Svein Rúnar Traustason umhverfisstjóra Ferðamálastofu og Hörpu Ciliu Ingólfssdóttur ferilhönnuð, byggingarfræðing og eiganda fyrirtækisins Góðs aðgengis. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma (viðauki 2).

Í eigindlegum rannsóknaraðferðum er hægt að notast við hálf stöðluð og opin viðtöl. Þegar rannsakandi notar hálf stöðluð viðtöl þá skoðar hann viðfangsefnið opinskátt og reynir að öðlast meiri skilning á upplifun og skynjun annarra. Viðmælandi fær að nota sín eigin orð til þess að tjá sig og hefur því mikið frelsi. Opin viðtöl eru líkust venjulegum samtölum fólks en þar eru engar undirbúnar viðtalsurningar heldur eru samtölin fyrirvaralaus (Esterberg, 2002).

4.3 Úrvinnsla gagna

Þegar bæði vettvangsrannsókninni og viðtölum var lokið var byrjað að vinna úr gögnunum. Viðtölin voru lesin vandlega yfir og greind með tilliti til vettvangsrannsóknarinnar og markmiða rannsóknarinnar. Farið var vandlega yfir vettvangsrannsóknina og vettvangsgögnin flokkuð eftir því hvort aðgengi og aðstaða væru fullnægjandi, viðunandi eða óviðunandi á hverjum stað fyrir sig. Við greiningu gagna var miðað við að ef meira en helmingur svara á gátlistanum voru neikvæður þá flokkast aðgengið og aðstaðan sem óviðunandi en ef hins vegar allir hlutir voru jákvæðir þá flokkast aðgengið og aðstaðan sem fullnægjandi. Allt þar á milli flokkast sem viðunandi.

5. Niðurstöður

5.1 Aðgengi og aðstæður fyrir fatlað fólk

5.1.1 Þingvellir

Ferðin hófst á Þingvöllum og var ákveðið að byrja hjá Hakinu/fræðasetrinu og ganga niður Almannagjá fram hjá Lögbergi og Drekkingsarhyl og alla leið að Öxarárfossi, síðan var ferðinni heitið niður að Flosagjá en það var tekinn göngustígur sem lá alla leið niður fram hjá Peningagjá og Þingvallarkirkju. Stórt bílastæði er hjá fræðasetrinu en það er bæði malbikað og vel merkt, þar má einnig finna nokkur bílastæði fyrir fatlað fólk. Að öllu leyti var bílastæðið í góðu lagi nema að malbikið mætti vera sléttara og þegar að litið var á kantana þar sem gangstéttirnar taka við mátti sjá að þeir voru of háir fyrir til dæmis fólk í hjólastólum að koma sér yfir. Út frá bílastæðinu má svo finna flotta salernisaðstöðu en hún er staðsett í sér húsi við hliðina á bílastæðinu. Auðvelt er að komast að húsinu og er sérstakt hlið sem fatlað fólk getur notað en það er aðeins breiðara en hin. Salernið uppfyllir öll þau helstu skilyrði um aðgengilega salernisaðstöðu fyrir fatlaða. Þegar gengið er frá bílastæðinu tekur við fræðasetrið en þar inni er að finna allar upplýsingar um staðinn og gönguleiðir. Auðvelt er fyrir fatlað fólk að komast þar inn og það sama gildir um að nálgast upplýsingar. Fyrir utan fræðasetrið, áður en maður gengur niður að Almannagjá voru engin skilti sjáanleg til að vísa fólki til vegar eða sýna gönguleiðir né skilti sem sýndu fötluðu fólki hvort staðurinn væri æskilegur fyrir þeirra ástand.

Áður en gegnið var niður Almannagjá var stoppað á litlum útsýnispalli sem liggur aðeins upp á við í halla en hann er vægast sagt glæfralega byggður. Tvær leiðir eru upp á hann en aðeins ein þeirra er greið fyrir þá sem eiga erfitt með að fóta sig. Öðru megin er stór kantur frá útsýnispalli niður á jarðveginn og er því ekki hægt að rúlla upp neinu þar. Þegar farið er upp á pallinn finnur maður fyrir lítilli brekku sem ekki er auðvelt fyrir alla að ráða við nema að styðja sig við handrið. Aðeins er að finna handrið öðru megin á pallinum svo að auðvelt er að renna út af honum og ennþá auðveldara í margmenni. Þeim megin sem að handrið var að finna var það full hátt og hefði því mátt hafa annað slíkt sem væri staðsett aðeins lægra.

Því næst var gengið niður Almannagjá en þar má finna malarveg sem er þó vel sléttur. Auðvelt var fyrir rannsakanda að ganga þarna enda hann léttur á fæti, en fyrir aðra gæti það

reynst erfiðara. Engin handrið né bekkir voru til staðar alla leiðina og því ekki auðvelt fyrir fólk að styðja sig við eða hvíla sig á, en leiðin er löng og ekki er víst að allir myndu leggja í hana. Fyrir þá sem bundnir eru við hjólastóla þá gæti orðið erfitt að ýta sér einsamall áfram á mól en með hjálp annarra ætti verkið að vera hægt. Í miðri Almagnagjá var svo komið að Lögbergi en þar gengur maður niður stór þrep til þess að komast á þann útsýnispall sem þar er og hentar hann því ekki öllum. Einnig lá endi pallsins að jarðveginum í Almagnagjá ofar en hann þarf að vera því að stórt misgengi hafði myndast.

Leiðin að Öxarárfossi var greið fyrir alla en viðarpallur er lagður alla leiðina, þó eru tröppur í lokin og er það eina leiðin til þess að komast að fossinum fyrir utan að hægt er að ganga yfir litla hæð til að stytta sér leið að honum en það er þó ekki leyfilegt. Engin handrið eru meðfram pallinum né tröppunum. Að ganga upp langa vegalengd af stórum og breiðum tröppum sem ekki hafa handrið til að sjá Öxarárfoss er því aðeins aðengilegt þeim sem eru léttir á fæti. Einnig var ekkert skilti sem sagði til hvar fossinn væri að finna og þurfti fólk því að ganga alla leiðina upp til þess að komast að því hvort að fossinn væri þarna eða ekki.

Í lokin var Almagnagjá gengin hálfa leiðina til baka og þaðan var stígur tekinn sem lá niður að Flosagjá. Þessi stígur er mjög langur og eru mörg þrep á honum, einnig eru engin handrið til þess að styðja sig við. Þeir sem þurfa handrið til að styðjast við og aðeins beina palla til að komast á milli geta ekki það ekki nema að ganga Almagnagjá alla leið til baka og keyra hringinn að bílastæðinu hjá Flosagjá. Við Flosagjá voru þó engin bílastæði fyrir fatlað fólk að finna.

Taka skal fram að ef fólk kys þá er hægt að keyra að þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum en hún er svolítinn spöl frá. Þar er hægt að finna hin ýmsu kort með öllum þeim gönguleiðum sem eru í boði ásamt korti af svæðinu sjálfu þar sem staðirnir eru merktir inn á með nöfnum. Bæði bílastæði fyrir fatlaða er að finna þar ásamt klósetti fyrir fatlað fólk. Svæðið í kringum þjónustumiðstöðina er í heildina séð mjög aðgengilegt fötluðu fólki.

Tafla 1: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða á Þingvöllum

	Fullnægjandi	Viðunandi	Óviðunandi
Aðgengi			
Bílastæði	X		
Göngustígar			X
Útsýnispallar			X
Stigar		X	
Aðstaða			
Bílastæði		X	
Skilti		X	
Salerni	X		
Hvíldarstaðir			X
Þjónustumiðstöð	X		

5.1.2 Geysir

Næsti áfangastaður var Geysir í Haukadale en þegar þangað var komið var bílnum lagt við þjónustumiðstöðina. Bílastæðið var þétt setið og erfitt var að finna stæði en eftir nokkra hringi var það fundið. Planið sjálf var mjög slétt og fínt þannig að auðvelt er að komast sinnar leiðar á því. Bílastæðin eru mörg og þau eru að finna bæði fyrir framan og við hliðina á þjónustumiðstöðinni. Færri stæði eru að framanverðu en við hliðina á þjónustumiðstöðinni er bílastæðið vel rúmt og þar komast fyrir margir bílar. Athyglisvert er að á öllu þessu svæði þar sem fólk gat komið bílum sínum fyrir var aðeins eitt bílastæði fyrir fatlað fólk. Auðvelt er þó fyrir fólk að komast að þjónustumiðstöðinni frá bílastæðinu.

Salerni fyrir fatlað fólk eru á svæðinu en þau eru inni í þjónustumiðstöðinni og er leiðin að þeim frekar löng ef komið er inn um aðaldyrnar. Frá aðaldyrnum þarf að ganga langt inn í búðina, niður tröppur og þar er klósettið. Þar sem tröppurnar eru má finna lyftu þar sem að fatlaðir geta notast við, en annar inngangur er á hlið hússins þar sem að engar tröppur eru á leið að salerni og mun sá inngangur nýtast þeim betur. Salernin henta fötluðum vel og er ekkert sem hamlar þeim þar inni.

Þegar gengið er frá þjónustumiðstöð að hverunum þá þarf að fara yfir götu en mikil umferð er þar yfir sumartímann. Ein gangbraut er yfir götuna en hún er staðsett of langt frá fatlaðra staðinu. Göngustígur liggur inn á svæðið og meðfram hinum helstu hverum. Þar sem göngustígurinn byrjar eru skilti sem kortleggja staðinn, engin skilti voru þó uppi um hvernig staðurinn hentaði fötluðum. Göngustígurinn er hellulagður og hentar vel fyrir fatlaða en engin handrið eru þó til staðar. Bekkir eru víðsvegar á göngustígnum svo að fólk á auðvelt með að setjast og hvíla sig ef þörf er á.

Göngustígurinn nær ekki um allt svæðið og má þá nefna að hann nær ekki alveg upp að Geysi sjálfum en þar sem stígurinn endar er aðeins jarðvegur sem er heldur ójafn. Út frá göngustígnum er svo að finna einn lítinn útsýnispall en mishellur upp við pallinn voru vel sjáanlegar.

Tafla 2: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða á Geysi

	Fullnægjandi	Viðunandi	Óviðunandi
Aðgengi			
Bílastæði	X		
Göngustígar		X	
Útsýnispallar		X	
Stigar	X		
Aðstaða			
Bílastæði		X	

Skilti		X	
Salerni	X		
Hvíldarstaðir	X		
Þjónustumiðstöð	X		

5.1.3 Gullfoss

Þriðji áfangastaðurinn er Gullfoss en þar er hægt að renna í hlað á tveimur stöðum, að ofan og neðanverðu. Byrjað var á því að leggja að ofanverðu en þar er stórt og mikið bílaplan sem er heldur óreglulegt. Bílastæðið er þétt en þó ekki malbikað og engin bílastæði eru merkt inn á það hvorki fyrir fatlað fólk né ófatlaða, heldur leggja allir bara einhvern veginn. Þegar gengið er frá bílastæðinu liggur stuttur göngustígur upp að þjónustumiðstöðinni en aðgengið þangað er gott. Þar inni má finna gott salerni sem hefur alla þá helstu þætti sem fatlaðir gætu þurft að nýta sér.

Þegar gengið er frá þjónustumiðstöðinni í átt að fossinum tekur við langur rampur úr við sem hentar öllum en hann hefur engin þrep. Rampurinn hefur engin handrið en vegna lengdar hans gætu handrið reynst vel til hvíldar fyrir fólk sem þess þarf. Við enda göngustígsins er hægt að ganga niður tröppur þar sem fossinn er skoðaður að neðanverðu en ef skoða á fossinn að ofanverðu þá tekur við annar göngustígur sem liggur meðfram fossinum en hann er úr mól. Malarvegurinn hefur ekkert traust handrið en meðfram allri leiðinni liggja staurar með bandi á milli. Stígurinn liggur að útsýnispalli sem auðvelt er að nálgast. Hvíldarbekki má finna meðfram göngustígnum en við byrjun stígsins voru þrjár súlur sem áttu að geyma skilti af staðnum en þau voru enn í vinnslu.

Þeir sem ekki geta gengið niður stigan til þess að skoða fossinn að neðanverðu geta hins vegar keyrt niður að neðra planinu sem er malbikað og vel merkt en þar er einnig að finna bílastæði fyrir fatlaða. Frá bílastæðinu er rampur úr við sem liggur hálf leið að fossinum en meðfram honum er handrið. Við miðjan stíginn tekur jarðvegur við sem að fólk gengur á til þess að komast sem næst fossinum en við endann á honum er hálfgerður útsýnispallur sem er þó aðeins þjappaður jarðvegur, ekkert handrið er þar meðfram. Sá göngustígur er mjög ójafn og ekki traustur.

Tafla 3: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða á Gullfossi

	Fullnægjandi	Viðunandi	Óviðunandi
Aðgengi			
Bílastæði		X	
Göngustígar		X	
Útsýnispallar		X	
Stigar		X	
Aðstaða			
Bílastæði	X		
Skilti		X	
Salerni	X		
Hvíldarstaðir	X		
Þjónustumiðstöð	X		

5.1.4 Skálholt

Þegar komið var í Skálholt var ákveðið að taka léttan göngutúr um svæðið. Fyrst var farið að uppgreftrinum sem stendur til sýnis við hlið kirkjunnar en þaðan voru tekin undirgöng inn á safn sem er undir kirkjunni. Eftir það var stigi tekinn upp og var þá komið inn í kirkjuna.

Gengið var í kringum kirkjuna og var nýja kirkjan sem þar er í uppbyggingu skoðuð. Ferðinni var síðan heitið inn á gistiheimilið en þar er einnig hægt að setjast niður og fá sér að borða. Undir lokin var reynt að fara inn í litla þjónustumiðstöð sem staðsett er við bílaplan en hún var því miður lokuð.

Keyrt var inn á bílastæðið í Skálholti en það er malbikað og vel skipulagt. Athyglisvert var þó að engin bílastæði voru fyrir fatlaða. Skilti með upplýsingum af staðnum er að finna utan á litlu þjónustumiðstöðinni en ekkert skilti er til að hjálpa fötludum að vita hvaða gönguleið hentar þeim. Byrjað var á því að kíkja á uppgröftinn sem þarna er til sýnis en til þess að komast að honum þarf að fara yfir á lítinn útsýnispall en leiðin að honum hentar ekki öllum. Kantur er umhverfis allt bílastæðið og þurfa þeir sem reiða sig á hjólastóla að fara upp þar sem kantarnir stoppa en það er í dálítilli fjarlægð frá til dæmis uppgreftrinum. Útsýnispallurinn er lítill og þröngur en renna með handriðum liggur upp að honum svo hann er vel aðgengilegur. Út frá pallinum er svo hægt að fara í undirgöng sem liggja yfir í safn undir kirkjunni. Þessi undirgöng eru þröng, lág til lofts og jarðvegurinn inni í þeim er mjög ójafn, en göngin eru ekki fyrir hvern sem er. Þegar komið er inn í safnið þá tekur við mjór og þröngur stigi sem liggur upp í kirkjuna. Þeir sem ekki geta nýtt sér undirgöngin geta gengið upp útitröppurnar að kirkjunni en þar við hliðina er renna sem að hjólastólar geta nýtt sér.

Þegar gengið er út úr kirkjunni er að finna göngustíg sem liggur upp að næstu húsum, en stígurinn er vel lagður með nánast engum mishellum. Við hlið kirkjunnar er verið að byggja eftirlíkingu af gamalli kirkju sem var einu sinni uppi í Skálholti. Hægt er að fara malarstíg sem liggur meðfram henni en enginn malbikaður stígur liggur að henni, til þess að komast þangað þarf að ganga yfir grasflötinn. Stígurinn liggur að ýmsum húsum og þá meðal annars að gistiheimilinu en þar er nokkuð mikið um tröppur, þó er hægt að fara aðrar leiðir að því.

Salernisaðstaða er á nokkrum stöðum en aðeins eitt salerni er fyrir fatlaða og er það staðsett inni á gistiheimilinu en það er aðgengilegt og aðstaða þar inni góð. Ekki var mikið um bekki á svæðinu eða handriðum til að styðjast við en þó er ekki langt á milli staða í Skálholti og því auðvelt að finna hvíldarstað innandyra.

Tafla 4: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða í Skálholti

	Fullnægjandi	Viðunandi	Óviðunandi
Aðgengi			
Bílastæði	X		
Göngustígar		X	
Útsýnispallar		X	
Stigar	X		
Aðstaða			
Bílastæði			X
Skilti		X	
Salerni	X		
Hvíldarstaðir			X
Þjónustumiðstöð	X		

5.1.5 Kerið

Síðasti viðkomustaður var svo Kerið en svæðið er ekki mjög stórt. Bílastæðið er lítið en þó malbikað og hefur að geyma eitt bílastæði fyrir fatlaða. Miðað við stærðarfjölda bílastæðisins telst eitt stæði fyrir fatlaða vera nóg, en þó mætti stækka bílastæðið í heild sinni ef kostur er á. Auðvelt er að komast frá bílastæði upp á gangstéttina en þegar þangað er komið má finna stór skilti en ekkert þeirra gefur til kynna fyrir hvern svæðið hentar. Til þess að komast upp að Kerinu þarf að ganga upp dágóða brekku en hún er þó í styttra lagi. Göngustígurinn hefur verið malbikaður svo auðvelt er að ganga á honum en engin handrið eru þó til staðar. Handrið gætu komið sér vel þarna þar sem ekki allir eiga auðvelt með að ganga upp halla eins og þennan en það sama gildir þegar fólk fer niður brekkuna, þá gæti verið gott að styðjast við handrið. Þegar komið er upp sér maður Kerið, hins vegar voru ferðamenn að færa sig nær Kerinu til þess að sjá það nánar en til þess þarf að ganga á ójöfnum jarðveginum. Enginn

útsýnispallur er til staðar en þar sem margir fara út á ójafnan jarðveginn þá væri útsýnispallur góður kostur. Margir ganga niður brekkuna og alveg að vatninu ýmist til að taka myndir og njóta staðarins en það eru engir stígar til þess heldur þarf fólk að koma sér niður á eigin vegum.

Engir stígar né bekkir eru til staðar á svæðinu enda svæðið lítið og varla þörf á hvíld við stutt stopp sem þetta. Það sama gildir um bæði salernisaðstöðu og þjónustumiðstöð.

Tafla 5: Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða hjá Kerinu

	Fullnægjandi	Viðunandi	Óviðunandi
Aðgengi			
Bílastæði	X		
Göngustígar		X	
Útsýnispallar			X
Stígar	X		
Aðstaða			
Bílastæði		X	
Skilti		X	
Salerni			X
Hvíldarstaðir	X		
Þjónustumiðstöð			X

5.1.6 Aðgengi og aðstaður fyrir fatlaða ferðamenn á Gullna hringnum

Hér fyrir neðan hefur niðurstöðum ofangreindra taflna verið sett saman í eina. Þessi tafla gefur heildarniðurstöðu á aðgengi og aðstöðu á vinsælu viðkomustöðunum Þingvöllum, Geysi, Gullfossi, Skálholti og Kerinu innan Gullna hringsins.

Tafla 6: Mat á aðgengi og aðstöðu fyrir fatlaða á vinsælustu ferðamannastöðum á Gullna hringnum

Aðgengi	Þingvellir	Geysir	Gullfoss	Skálholt	Kerið
Fullnægjandi		X		X	X
Viðunandi		X	X	X	
Óviðunandi	X				
Aðstaða	Þingvellir	Geysir	Gullfoss	Skálholt	Kerið
Fullnægjandi	X	X	X	X	
Viðunandi	X				X
Óviðunandi				X	X

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að aðgengi og aðstaða á vinsælum viðkomustöðum innan Gullna hringsins eru langt frá því að geta talist gott eins og það ætti að vera. Eins og taflan sýnir þá er aðeins einn staður sem telst vera með fullnægjandi aðgengi en það er hjá Kerinu. Aðgengi á Geysi og í Skálholti er á mörkunum að vera bæði viðunandi og fullnægjandi en litlu munaði þó að aðgengið gæti talist alveg fullnægjandi. Á Þingvöllum telst aðgengi vera alveg óviðunandi að öllu leyti en aftur á móti er aðstaðan þar mun betri, hún er á mörkunum að vera viðunandi og fullnægjandi. Aðstaða er einnig fullnægjandi á Geysi og Gullfossi en í Skálholti var aðstaðan að vissu leyti fullnægjandi en þó voru þættir sem hefðu mátt vera betri og teljast því óviðunandi. Á flestum stöðum eru það bílastæði og göngustígar sem koma best út úr rannsókninni er snúa að aðgengi en hvað varðar aðstöðu þá var það salernisaðstaða, hvíldarbekkir og þjónustumiðstöðvar sem komu sem jákvæðast út. Í heildina litið þá eru Geysir og Gullfoss þeir staðir sem eru aðgengilegastir fötluðu fólki en þar er bæði aðgengi og aðstaða annað hvort viðunandi eða fullnægjandi. Ekkert við staðina tvo er ófullnægjandi sem er öfugt við Þingvelli, Skálholt og Kerið.

5.2. Viðhorf til aðgengis og aðstöðu fyrir fatlað fólk á ferðamannastöðum

Viðmælendur voru báðir sammála um að aðgengi á ferðamannastöðum á Íslandi er víða ábótavant þegar á heildina er litið. Harpa telur að aðgengi geti verið gott á mörgum stöðum en á öðrum stöðum sé það hins vegar langt frá því að vera ásættanlegt. Einnig nefnir hún að oft á tíðum telji staðarhaldarar sig vera með gott aðgengi en sem reynist svo ekki vera þegar á reynir. Allir sem hafa í huga framkvæmdir af einhverjum toga ættu að hafa samband við fagaðila um málefni fatlaðra sem gæti leiðbeint þeim með að gera aðgengi sem best fyrir þá. Báðum aðilum finnst allt of margt vanta upp á að staðir á Íslandi séu aðgengilegir en til dæmis finnst þeim að það mætti lagfæra bílastæðin, slétta göngustíga, setja upp handrið þar sem þeirra er þörf og bæta við bekkjum til hvíldar. Einnig bendir Harpa á að punktaletur fyrir blinda og sjónskerta er nær aldrei til staðar.

Hvað varðar aðgengi fyrir fatlað fólk á ferðamannastöðum er Sveinn sammála Hörpu. Hann telur að það þurfi að bæta aðgengi fatlaðra til muna frá því sem nú er, en segir þó að aðgengi hafi batnað töluvert á mörgum stöðum síðustu ár. Þrátt fyrir það voru báðir viðmælendur sammála um að mál fatlaðra þyrfti að koma miklu betur og skýrar inn í alla skipulagsvinnu við ferðamannastaði.

Almennt finnst mér aðgengi að ferðamannastöðum hafa lagast og víða er það alveg ágætt þótt það vanti herslumuninn á að geta kallast til fyrirmyndar.

Harpa vill meina að ástæðan fyrir þessu er líklega sú að lagt er í framkvæmdir án þess að leitað sé til sérfræðinga sem sjá til þess að skipulag svæðanna taki tillit til þeirra sem eru fatlaðir. Með þessu móti er þörfum fatlaðs fólks ekki mætt og aðgengi staða kemur ekki til með að vera eins gott og það gæti verið. Harpa talar um að það sé grátlegt hversu algengt það sé að ekki sé tekið tillit til þessara mála í upphafi framkvæmda.

Aðspurð um aðgengismál og skipulag innan gullna hringsins svöruðu báðir aðilar að ekki væri mikið vitað um aðgengismál hjá Skálholti og Kerinu að þeirra leyti. Þó höfðu þau vitneskju um aðgengismál hjá Þingvöllum, Gullfossi og Geysi. Almennt þótti aðgengi að þessum stöðum ekki vera til fyrirmyndar að öllu leyti, en þó væru þeir á réttri leið. Leiðin væri löng en þó vonandi væru framkvæmdir að eiga sér stað sem myndu leiða til góðs. Margt er þó gott á þessum stöðum en það er langt frá því að geta talist til fyrirmyndar, en

Þetta á við um aðgengi yfir höfuð á þessum stöðum en ekki bara með tilliti til fatlaðs fólks. Miklar farmkvæmdir hafa verið við Gullfoss nýverið og má þá nefna að útsýnissvæðið að neðanverðu er orðið mjög gott.

Engin sérstök framtíðarplön eru í bígerð fyrir þessa staði samkvæmt þeirra vitneskju. Aðspurð hvort þeim þætti eitthvað vera sérstaklega ábótavant á þessum stöðum þá var talað um bílastæðin og fjöldi stæða sem er merkt fötluðum en það er ekki nóg að hafa aðeins eitt merkt bílastæði fyrir fatlaða á hverjum stað. Neðra bílastæðið hjá Gullfossi og þjónustumiðstöðin á Þingvöllum fengu þó lof fyrir góð og aðgengileg bílaplön. Stígar á svæðunum eru að mestu leyti góðir en eru oft endaslepptir, þar sem ekki hefur verið lokið við samtengingar í lagningu þeirra, eða að litlir hlutar þeirra eru ófærir þeim sem eiga erfitt með gang eða nota hjálpartæki eins og hjólastóla, göngugrindur og stafi. Oft er það vandamál þegar að stígar liggja til dæmis að útsýnispöllum en þá er oft erfitt að komast yfir á pallinn því stígurinn liggur ekki alveg að og við það myndast misfellur. Harpa talaði um að á Geysi væri hreinlega hættulegt að vera á ferðinni fyrir hægfara vegfarendur þar sem fólk þarf að fara yfir þjóðveginn til þess að komast yfir til hveranna frá sérmerktu bílastæðunum fyrir fatlaða. Það sama gildir ef fólk vill hætta sér á snyrtinguna en hún er inni í þjónustumiðstöðinni sem er hinum megin við veginn svo fólk þarf að fara aftur yfir hann.

Hörpu finnst skammarlegt að aðgengi á vinsælum ferðamannastöðum hér á landi taki ekki tillit til góðs aðgengis fyrir alla, en hún orðar það svona:

Mér finnst eiginlega að þessir fjölförnustu ferðamannastaðir landsins ættu að vera þannig úr garði gerðir að hægt væri að segja með stolti og án þess að hika að þar sé aðgengi fyrir alla til fyrirmyndar.

Síðan heldur hún áfram:

En svo er ekki, enn sem komið er, en ég get ekki annað en verið bjartsýn og haft trú á að í framtíðinni munum við getað vísað ferðamönnum hvert sem er án tillits til líkamlegs atgervis þeirra og að undantekningalaust geti þeir ferðast um og notið landsins okkar og þeirrar þjónustu sem í boði er á hverjum stað.

Framtíðarhorfur aðgengilegra ferðamannastaða á Íslandi eru góðar en það gæti tekið góðan og drjúgan tíma að verða „fullkomið“ eða „ásættanlegt“. Mikið er unnið að því að gera ferðamannastaði hérlendis aðgengilega og hefur verið unnið að því mikið meira núna heldur en nokkru sinni fyrr. Báðir viðtalsaðilar hafa góða trú á því að aðgengi eigi eftir að lagast í framtíðinni og tala um að sífellt fleiri eru farnir að gera sér grein fyrir því að fatlað fólk er mikilvægur markhópur innan ferðaþjónustunnar og fer því gott aðgengi fyrir alla að verða bæði sjálfsagðara og eðlilegri þáttur þegar kemur að ferðamannastöðum og uppbyggingu innan þeirra.

Bæði Harpa og Sveinn koma að úttektum á ferðamannastöðum sem athuga hvort að aðgengi ferðamannastaða á Íslandi sé fullnægjandi fyrir alla. Sveinn vinnur sem umhverfisstjóri hjá Ferðamálastofu en samkvæmt honum er aðgengi fyrir fatlaða í forgangsflokki en síðustu ár hefur Ferðamálastofa lagt áherslu á styrkveitingar til aðgengismála þar sem að fólk getur sótt um styrki til þess að bæta aðgengi fyrir fatlaða á ferðamannastöðum. Ferðamálastofa hefur einnig ákveðið að fylgja og styðja það verkefni sem er í gangi hjá Aðgengi ehf, en það fyrirtæki fékk styrk til þess að vinna að úttekt fyrir 20 ferðamannastaði hérlendis árið 2011.

Sveinn:

Staðirnir voru valdir af ýmsum forsendum til dæmis með mati verkefnisstjóra og forstöðumanns þróunarsviðs Ferðamálastofu um þörf fyrir úttekt- og vinsælda ferðamannastaðanna.

Þessar úttektir ýta undir að aðgengi sé lagað og staðirnir fái nýja ásýnd sem og meiri aðsókn þar sem fleiri mundu komast þangað.

Harpa er ráðgjafi í ferilmálum hjá Aðgengi ehf. sem meðal annars rekur aðgengismerkjakerfið „Access Iceland“. Aðgengi ehf sér um allar úttektir og skráningar fyrir Aðgengismerkjakerfið „Access Iceland“. Aðgengismerkjakerfið gengur meðal annars út á að sýna hversu aðgengilegir ferðamannastaðir á Íslandi eru. Staðirnir eru metnir eftir stöðluðum gátlitum. Aðgengi ehf. heldur úti vefsíðu sem heitir www.gottadgengi.is en þar er aðgengismerkjakerfið að finna. Hægt er að fara inn á síðuna og leita að upplýsingum um þá staði sem áætlað er að heimsækja og hafi staðurinn fengið vottun þá birtast upplýsingar um það hvort staðurinn henti viðkomandi eða ekki. Harpa telur þetta vera góður kostur fyrir fatlað fólk, aðstandendur þeirra og aðra til að skoða hvort staðir séu þeim aðgengilegir áður en haldið er af stað.

Harpa leggur áherslu á að merkjakerfið leiði ekkert nema gott af sér:

Já, ég er ekki í nokkrum vafa um að aðgengismerkjakerfið skiptir sköpum fyrir marga og það að geta gengið að áreiðanlegum upplýsingum skiptir öllu máli. Aðgengismerkjakerfið Access Iceland veitir öryggi og auðveldar skipulagningu á ferðalögum.

Við samanburð á bæði viðtölum og vettvangsrannsókn kemur í ljós að niðurstöður þeirra eru samhljóma. Rannsókn á vettvangi sýnir fram á að aðgengi og aðstaða á ferðamannastöðunum fimm eru í heildina séð ekki nógu gott en þó ekki talið afleitt. Á flestum stöðum er aðgengi og aðstaða bæði viðunandi eða fullnægjandi, en þó er langi í land með að allir staðir geti talist fullnægjandi þegar kemur að aðgengi og aðstöðu fyrir fatlað fólk. Í niðurstöðum viðtala við þau Svein og Hörpu kemur í ljós að þau eru sammála um að aðgengi og aðstaða á þessum fimm ferðamannastöðum gæti verið miklu betra en það er. Það sem þótti helst ábótavant í báðum tilvikum voru léleg bílastæði þ.e. hversu lítið er um stæði merkt fötluðu fólki, ásamt því að stígar þykja ekki nógu góðir þ.e. þeir eru ekki nógu sléttir og oft endaslepptir eins og Harpa orðaði það. Sveini og Hörpu finnst báðum að bæta þurfi aðgengi og aðstöðu á stöðunum og undrast yfir því hversu lítið hefur verið gert. Bæði líta þau björtum augum á framtíð þessara staða og vonast til að staðirnir verði brátt aðgengilegir öllum.

6. Umræður og ályktanir

Lagt var upp í þessa rannsókn með það að leiðarljósi að meta hvernig aðgengi og aðstaða fyrir fatlað fólk er á vinsælum ferðamannastöðum hér á landi, jafnframt því var ákveðið að skoða hvað hefur verið gert til að bæta aðgengi á þeim stöðum og hverjar framtíðarhorfur þeirra eru. Rannsóknin og niðurstöður sýna fram á að aðgengileg ferðaþjónusta er tiltölulega ný af nálinni og ekki er til mikið af rannsóknum sem snerta aðgengilega ferðaþjónustu og fötlun. Aðgengi á vinsælum viðkomustöðum ferðamanna innan Gullna hringsins er samkvæmt niðurstöðum ekki nógu gott. Aðgengið á þesum stöðum er þó ekki alslæmt en langt frá því að mæta þörfum fatlaðs fólks til hins ýtrasta. Burnett og Baker (2001) gagnrýna það að þó að rannsóknir hafi verið gerðar um þetta málefni þá væri ekki alltaf farið nógu vel eftir þeim en það gæti átt vel við ferðamannastaði á Íslandi þar sem rannsóknir hafa verið gerðar er þeim ekki endilega fylgt nógu vel eftir. Þegar gengið var um staðina fékk rannsakandi oft á tilfinninguna eins og það vantaði hluti á svæðið sem einfaldlega þyrftu að vera þar eins og til dæmi handrið en við marga göngustíga og palla voru engin handrið sjáanleg, hvorki á beinum stíg né í halla. Þegar hugsað er til „aðgengilegrar ferðaþjónustu fyrir alla“ þá virðist hún ekki eiga við á þessum stöðum þ.e. aðgengi virðist vera skoðað út frá ófötludum og síðan er bætt inn þeim nauðsynlegu breytingum sem þarf til þess að mæta þörfum fatlaðra. Í stórum verkefnum á vegum stofnana og fyrirtækja svo sem Aðgengis ehf. og Ferðamálastofu, er varða aðgengi á ferðamannastöðum virðist hugtakið „aðgengileg ferðaþjónusta fyrir alla“ eiga við.

Samkvæmt Israeli (2002) þá eru fatlaðir ferðamenn mikilvægur hlekkur þegar kemur að ferðaþjónustu en ferðamannastaðir mæta oftast ekki þörfum fatlaðs fólks. Niðurstöður sýna fram á að aðgengi og aðstöðu mætti bæta á öllum stöðunum en ef það yrði bætt þá myndi ferðamönnum mjög líklegast fjölga. Aðgengi fyrir fatlaða á vinsælum viðkomustöðum innan Gullna hringsins mætir þörfum fatlaðra að einhverju leyti en þó voru of margir þættir sem hefðu mátt fara betur. Á flestum stöðum uppfylltu salernisaðstöður þær lágmarkskröfur sem þörf er á fyrir fatlaða en það var það eina sameiginlega sem var jákvætt á öllum stöðum nema hjá Kerinu. Sumstaðar voru það bílastæðin sem ekki voru nógu góð en ekki var alltaf bílastæði merkt fötludum, sumstaðar aðeins eitt stæði merkt fyrir þau og annars staðar var bílastæðið ekki slétt svo að erfitt gæti reynst mörgum að komast yfir það. Stígar voru oft ekki

þéttir og misfellur höfðu myndast víða en einnig voru göngustígar eins og í gegnum Almannagjá alfarið úr þéttri mól en það hentar ekki til dæmis fólki sem er bundið við hjólastól. Vöntun var víða af hvíldarbekkjum og áberandi var hversu lítið sjáanleg handrið voru. Hvergi voru sjáanleg skilti þar sem að tekið var til greina fyrir hvaða flokk fötlunar hentaði fyrir ákveðna staði.

Israeli (2002) sýnir fram á þá þætti sem fatlað fólk kýs að hafa á ferðamannastöðum til þess að auðvelda þeim aðgengið. Númer eitt eru lyftur, en aðeins ef staðurinn byði upp á það. Þar á eftir eru aðgengileg bílastæði, sléttir rampar, góðir göngustígar og gangstéttir en síðast í forgangs röðinni eru stigar. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að bílastæði eru flest góð á þessum fimm ferðamannastöðum innan Gullna hringsins. Göngustígar, rampar og gangstéttir innan þessara fimm staða má bæta verulega til dæmis með því að slétta göngustíga og gangstéttir, laga allar mishellur, setja handrið meðfram þeim og gæta þess að rampar liggi beint að göngustíg þ.e. að ekki myndist gjá á milli jarðvegs og spýtu rampans. Það allra síðasta á listanum í rannsókn Israeli (2002) voru stigar en þeir eru aldrei góður kostur fyrir fatlaða, ekki var mikið um stiga á stöðunum fimm innan Gullna hringsins en þó var svolítið um að rampar sem lágu langa leið eins og til dæmis að Öxarárfossi á Þingvöllum og leiðin frá Almannagjá niður að Flosagjá, voru með mörgum stórum og löngum þrepum. Af öllum stöðum þá kom Kerið verst út en sá ferðamannastaður uppfyllti minnst af þeim lágmarkskröfum um aðgengi fyrir fatlaða ásamt því að bílastæði er lítið með aðeins einu merktu staði fyrir fatlaða, rampa, göngustíga og gangstéttir mætti bæta verulega. Staðurinn hafði hvorki handrið, útsýnispall, þjónustumiðstöð né salerni.

Darcy og Dickson (2009) telja bestu leiðina til þess að gera sér grein fyrir þörfum fatlaðra vera sú að setja sig í spor þeirra þ.e. upplifa staðinn eins og fatlað fólk myndi gera það. Í niðurstöðum tekur Harpa í sama streng og nefnir að nauðsynlegt sé að ræða við sérfræðinga á sviði fatlaðra áður en lagt er upp í endurbætur og uppbyggingu til þess að aðgengi fyrir alla sé mætt eins og unnt er. Burnett og Baker (2001) vilja meina að það þurfi að skoða tilfinningar, óskir og þrár fatlaðra til þess að skilja almennilega hvað það er sem þau þurfa að hafa til staðar. Með því að vinna með sérfræðingi á sviði fatlaðra er betur hægt að komast að því hvað þurfi að gera til að mæta þörfum þeirra og er því nauðsynlegt að allir setji sig í samband við sérfræðing þegar þess þarf. Nauðsynlegt er að mæta þeim ytri samfélagslegu hömlum til þess að koma til móts við þarfir fatlaðra.

Eftirtektarvert var að sjá hversu lítið hefur verið gert í sambandi við aðgengi og aðstöðu á ferðamannastöðum á Íslandi í heild sinni þegar kemur að fötluðum. Aðgengi ehf. heldur úti vefsíðu þar sem fatlaðir og í raun allir ferðamenn geta nýtt sér til þess að vege og meta hvaða ferðamannastaðir henta þeim. Fatlaðir geta skoðað þær merkingar sem hafa verið settar við staðina en þessi merki gefa í skyn hvaða aðgengi er á stöðum og hvað hentar viðkomandi. Rannsakanda þótti skrítið að sjá hversu lítið fer fyrir þessari vefsíðu og engar merkingar eru á stöðunum sjálfum. Fyrir þá sem nýta sér síðuna koma merkingarnar vissulega að gagni en fyrir þá sem vita ekki af henni þá væri kostur fyrir þá að hafa skilti við ferðamannastaðina sem gæfu til kynna hvernig aðgengið fyrir innan væri háttað.

Þó að aðgengi fatlaðra sé mætt með einhverju móti þá er það ekki nóg, að vissu leyti geta fatlaðir til dæmis skoðað Geysi aðeins að neðanverðu en af hverju ættu þeir ekki að njóta þess að skoða hann að ofanverðu án neinna vandræða alveg eins og allir hinir? Oft er erfitt að gera ráðstafanir eins og þessar ef raska á umhverfinu en náttúruauðlindum okkar má ekki breyta um of. Náttúruferðamennska er ein af þeim tegundum af ferðamennsku þar sem fólk nýtur þess að ferðast um náttúruna eins og hún leggur sig. Ef þörf er á því að raska henni til muna þá missir hún sína upprunalegu mynd og það getur eyðilagt bæði aðsókn að staðnum jafnt sem upplifun ferðamanna. Þetta getur verið ein af þeim ástæðum af hverju ekki er gert of mikið af framkvæmdum á svæðunum en þó á að vera hægt að gera viðvarandi ráðstafanir án þess að breyta of miklu.

The Nordic Council on Disability Policy gaf út góða skýringu sem varðar aðgengi fyrir alla en hún hljóðar svona:

„Everyone – regardless of whether they have any disabilities – should be able to travel to the country, within the country and to whatever place, attraction or event they should wish to visit“.

Með öðrum orðum þýðir þetta að allir, hvort sem þeir eru fatlaðir eða ekki – eigi að geta ferðast til landa, innanlands og til hvaða staðar sem er, þar sem aðdráttaraflið er eða atburðir sem þeir sækjast eftir.

Heimildaskrá

Aho, S. (2000). *Nature tourism – utopia or reality for disabled customers?* Finland: University of Lapland.

Burnett, J.J. & Baker, H.B. (2001). Assessing the Travel - Related Behaviors of the Mobility- Disabled Consumer. *Journal of Travel Research* 40(4).

Darcy, S., & Dickson, T. J. (2009). A whole-of-life approach to tourism: The case for accessible tourism experiences. *Journal of Hospitality and Tourism Management* 16, 32–44.

Devin, M.A. & Koch, L.C. (2003). *Recreational Planning: An important component of career counseling for people with disabilities*. USA: Kent State University.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw- Hill.

Ferðamálastofa (2007). *Ferðapjónusta fyrir alla – Flokkunarviðmið fyrir aðgengi að áningar- og útivistarsvæðum á Íslandi*. Ísland: Ferðamálastofa, Öryrkjabandalag Íslands, Ferðapjónusta bænda, SAF og Ferðamálasamtök Íslands.

Ferðamálastofa (2011.a.). *Stefna Ferðamálastofu 2011-2013*. Ísland: Ferðamálastofa.

Franken, D.A. & von Raaji, W.F. (1981). Satisfaction with leisure time activities. *Journal of Leisure Research* 13, 337-352.

Golden Circle Iceland (á.á.). Skoðað 8. september 2011 á <http://www.goldencircleiceland.com/>

Gott aðgengi (á.á.). *Merkjakerfið*. Skoðað þann 5. ágúst 2011 á <http://www.gottadgengi.is/merkjakerfid/>

Helgi Torfason (2008). *Hversu margir lítrar koma upp í einu gosi í Strokki og hver er hitinn á vatninu?* Skoðað 13. september 2011 á Vísindavefnum: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=32055>

Icelandportal (á.á.). *Tourist attractions – kerie*. Skoðað þann 9. september 2011 á <http://www.icelandportal.com/tourist-attractions/kerie>

Israeli, A.A. (2002). A Preliminary Investigation of the Importance of Site Accessibility Factors for Disabled Tourists. *Journal of Travel Research* 41(101)

Lee, B.K., Agarwal, S. & Kim, H.J. (2011). Influences of travel constraints on the people with disabilities intention to travel: An application of Seligman's helplessness theory. *Tourism Management* 33, 569-576.

Leidner, R. (2006). *Tourism accessible for all in Europe*. Nationale Koordinationsstelle Tourismus für alle e. V. Natko.

Lucilla, M., Nocco, M., Petrillo, A. & Samantha, S. (2004). *Accessible destination*. Ítalía: European Comissoin, Education and culture & Joint Actions.

Mannréttindasrifstofa Íslands (á.á.). *Réttindi fatlaðra*. Skoðað þann 7. júlí 2011 á <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/fatladir/>

McKerchera, B., Packer, T., Yauc, M.K. & Lamd, P. (2003). Travel agents as facilitators or inhibitors of travel: perceptions of people with disabilities. *Tourism Management* 24, 465–474.

Nat.is (2011). *Skálholt*. Skoðað 9. september 2011 á http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_skalholt.htm

Náttúrulega (á.á.). *Náttúrulega – fræðsla í sátt við umhverfið*. Skoðað 9. september 2011 á http://www.natturulega.is/gonguleidir_skalholti.htm

Sigurður Steinþórsson (2006). *Hvernig myndaðist Kerið í Grímsnesi og hvers vegna er vatn í því?* Skoðað 13. september 2011 á Vísindavefnum: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5681>

Skálholt.is (2004-2011.a.). *Staðhættir*. skoðað 9. September 2011 á <http://www.skalholt.is/frodleikur/stadhaettir/>

Skálholt.is (2004-2011.b.). *Örnefni*. skoðað 9. September 2011 á <http://www.skalholt.is/frodleikur/ornefni/>

Sterna (2008-2011). Skoðað 8. september 2011 á <http://www.sterna.is/is/hringmidi/gullni-hringurinn>

Tómas Einarsson & Helgi Magnússon. (ritstj.) (1989). *Íslands handbókin – náttúra, saga og sérkenni*. Bókaútgáfan Örn og örlygur hf.

Umhverfisstofnun (á.á.a.). *Friðlýst svæði*. Skoðað 8. September 2011 á <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudurland/gullfoss/>

Umhverfisstofnun (á.á.b.). *Friðlýst svæði*. Skoðað 8. september 2011 á <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudurland/geysir-i-haukadal/>

Velferðarráðuneytið (á.á.). *Málefni fatlaðra*. Skoðað þann 6. júlí 2011 á
<http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni-fatladra/almennt/>

Visit Iceland (2009). *Visit Iceland – Visiticeland.org*. Skoðað 8. september 2011 á
<http://www.icelandtouristboard.com/index.php?page=the-golden-circle>

Westcott, J. (2004). *Improving information on accessible tourism for disabled people*.
Luxemborg: European Commission

World Health Organization (2011). *World Report On Disability*. Malta: World Health
Organization.

World Tourism Organization (2011). *Accessible Tourism*. Skoðað þann 18. ágúst 2011 á
<http://ethics.unwto.org/en/content/accessible-tourism>

World Tourism Organization (á.á.). *Why Tourism?* Skoðað þann 2. desember 2011 á
<http://www2.unwto.org/en/content/why-tourism>

Yau, M.K., Mckercher, B. & Packer, T.L. (2004). Travelling with a disability: More than an
access issue. *Annals of Tourism Research* 31(4), 946-960.

Þingvellir.is (á.á.a.). Stofnun Þjóðgarðs. Skoðað 12. September 2011 á
<http://www.thingvellir.is/saga/stofnun/>

Þingvellir.is (á.á.b.). Þingvellir á heimsminjaskrá. Skoðað 12. September 2011 á
<http://www.thingvellir.is/heimsminjaskra/>

Viðauki 1 - Gátlisti

Staður:

Dagsetning:

Tími:

Aðgengi

Bílastæði

Er bílastæðið malbikað ? Já Nei

Annað: _____

Göngustígar

Eru göngustígarnir merktir ? Já Nei

Eru malbikaðir göngustígar ? Já Nei

Eru göngustígarnir sléttir ? Já Nei

Eru mishellur og kantar áberandi á göngustígum ? Já Nei

Eru handrið meðfram göngustígum ? Já Nei

Ef já, eru handriðin nógu há ? Já Nei

Annað: _____

Útsýnispallar

Liggja göngustígar að útsýnispöllum ? Já Nei

Eru tröppur upp á útsýnispallana ? Já Nei

Eru handriðin í réttri hæð ? Já Nei

Annað: _____

Stigar

Eru stigar innan gönguleiða eða á útsýnisstað ? Já Nei

Eru handrið meðfram þessum stigum ? Já Nei

Eru stigarnir gerðir úr stáli/við með sléttum þrepum ? Já Nei

Ef nei, eru þrepin ójöfn ? Já Nei

Er hægt að komast á áfangastað eftir annarri leið ef ekki skyldi vera mögulegt að klifra stigann ? Já Nei

Annað: _____

Aðstaða

Bílastæði

Eru sérstök bílastæði fyrir fatlaða ? Já Nei

Ef já, eru þau fleiri en eitt ? Já Nei

Annað: _____

Skilti

Eru upplýsingaskilti til staðar ? Já Nei

Eru upplýsingaskilti til staðar sem sýna fötluðum hvort ákveðinn staður eða leið henti þeim ?

Já Nei

Annað: _____

Salerni

Eru salerni til staðar ? Já Nei

Ef já, eru salerni merkt fötluðum? Já Nei

Er auðvelt að nálgast/nota salernin þ.e.

- Er hurð á salerni þung ? Já Nei

- Er þröskuldur salernisins fyrir ? Já Nei

- Eru handlaugar og þurrkur staðsettar nógu neðarlega ? Já Nei

- Eru stangir staðsettar við klósett til að auðvelda fötluðum sem þess þurfa ? Já Nei

Annað: _____

Hvíldarstaðir

Eru bekkir til staðar við göngustíga ? Já Nei

Annað: _____

Er þjónustumiðstöð á staðnum? Já Nei

Annað: _____

Viðauki 2 - Viðtalsrammar

Viðtalsspurningar fyrir Hörpu

- ◆ Hvað felst í þinni vinnu sem byggingarfræðingur innan fyrirtækisins Aðgengi ehf?

Nú eruð þið með svokallað merkjakerfi í gangi sem er aðgengilegt á netinu

- ◆ Geturðu sagt mér nánar frá því hvernig það virkar, þ.e. fyrir hverja er það og til hvers er það?
- ◆ Helduru að þetta merkjakerfi geti breytt sköpum fyrir fatlaða þegar það kemur að ferðalögum um landið? Að hvaða leyti þá?

Þið eruð með leitarvél á vefsíðunni með áfangastöðum hér á Íslandi þar sem merkjakerfið er notað.

- ◆ Nær þetta yfir alla staði á Íslandi og þurfa þessir staðir að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að geta verið á vefnum?
- ◆ Hvað stjórnar því að staðir komast inn í merkjakerfið hjá ykkur?
- ◆ Nú gerið þið úttektir á stöðum til þess að skoða hvort aðgengi sé gott
- ◆ Takið þið að ykkur ferðamannastaði (utan Reykjavíkur)? Ef já, hvað er þá skoðað þar?
- ◆ Ef aðgengi fyrir fatlaða er ábótavant á þeim stöðum sem þið skoðið, hvað er þá gert?

Nú eru Gullfoss, Geysir og Þingvellir inni á leitarvélinni hjá ykkur og eru merktir með merkjakerfinu.

- ◆ Hvernig finnst þér aðgengið á þeim stöðum, hafa ráðstafanir verið gerðar þar fyrir fatlaða?
- ◆ Finnst þér aðgengið þar hafa batnað og veistu um einhver dæmi um framtíðarplön þar?

- ◆ Er eitthvað sem þér finnst ábótavant á þeim stöðum? Geturu nefnt dæmi?
- ◆ Hvernig finnst þér aðgengi almennt að ferðamannastöðum (utan Reykjavíkur) á Íslandi?
- ◆ Hvernig heldur þú að aðgengi fyrir fatlaða eigi eftir að vera í framtíðinni hér á Íslandi?
- ◆ Hvernig finnst þér uppbygging og skipulag ferðamannastaða á Íslandi, finnst þér það taka tillit til fatlaðra?
- ◆ Hvernig finnst þér uppbygging og skipulag ferðamannastaðanna fimm innan Gullna hringsins (Þingvelli, Gullfoss, Geysir, Skálholt og Kerið)?

Viðtalsspurningar fyrir Svein

- ◆ Hvað felst í starfi þínu sem umhverfisstjóri Ferðamálastofu?
- ◆ Hvert er ykkar megin hlutverk (Ferðamálastofu) þegar það kemur að náttúrusvæðum/ferðamannastöðum?

Samkvæmt uppbyggingu, skipulagi og umhverfismálum ykkar þá er eitt af meginmarkmiðunum að stuðla að því að ferðamannastaðir séu aðgengilegir fötluðum þar sem því er við komið og notast skuli við viðurkennd viðmið til úttekta.

- ◆ Hvernig fer sú úttekt fram?
- ◆ Hvernig ákvarðast hvaða staði skuli skoða?
- ◆ Hvað þurfa staðirnir að hafa til þess að uppfylla þau skilyrði um að vera aðgengilegir hreyfihömluðum?
- ◆ Er mikið af stöðum sem uppfylla ekki þessi skilyrði? Ef já hvað er þá gert?

Nú er Ferðamálastofa að veita styrki til úrbóta á ferðamannastöðum og uppbyggingar á nýjum svæðum.

- ◆ Hverjir eru það sem geta sótt um þessa styrki?
- ◆ Hvað er það sem ræður því hverjir hljóta þessa styrki?

Nú hefur aðgengi fyrir fatlaða verið fremur ábótavant á ferðamannastöðum á Íslandi í gegnum tíðina

- ♦ Er aðgengi fyrir fatlaða ofarlega á dagskrá hjá ykkur á Ferðamálastofu?
- ♦ Eruð þið í einhverri samvinnu við einhverja aðra til þess að fá innsýn inn í það hvað mætti bæta og laga? Ef já, við hverja og hvernig fer það samstarf fram?

Gullni hringurinn er vinsæl ferðamannaleið á Íslandi fyrir erlenda ferðamenn

- ♦ Hefur einhver uppbygging orðið að ykkar hálfu á þessum stöðum (Þingvellir, Gullfoss, Geysir, Skálholt og Kerið) í sambandi við bætt aðgengi fyrir fatlaða?
- ♦ Hafa einhverjir styrkir verið veittir í uppbyggingu þar? Ef já, í sambandi við hvað?
- ♦ Veistu til þess að einhverjar sérstakar áætlanir séu til um framtíð þessara staða þegar það kemur að aðgengi fyrir fatlaða?
- ♦ Finnst þér skipulag þessara staða vera gott þegar það kemur að aðgengi fyrir fatlaða?
- ♦ Hvernig er framtíðarskipulag ferðamennsku á Íslandi almennt með tilliti til fatlaðra ?
- ♦ Er eitthvað sem þér finnst að mætti bæta og laga á ferðamannastöðum hérlendis?
- ♦ Er eitthvað sem þér finnst að mætti laga í sambandi við aðgengi á þessum stöðum: Þingvellir, Gullfoss, Geysir, Skálholt og Kerið?